

G E S T I R
EP01 - "NEISTI"

eftir
Ásgeir Sigurðsson

LJÓS Films ehf ©
asgeir@ljosfilms.is

PRODUCTION TITLES.

Við heyrum í vinsælasta laginu í dag hækka smám saman þar til það nær hámarki.

REFERENCE SONG: KEYRA - HERRA HNETUSMJÖR

Við sjáum MONTAGE í gegnum linsuna á IPHONE-SÍMA:

101 **INT. BÍLL, Á FERÐ - EVENING (IPHONE FOOTAGE)** 101

ÖSKURLÆTIN í strákunum þremur sem sitja aftur í þröngum bílnum bergmálast út um gluggann á meðan þeir renna til beggja hliða eftir því í hvaða átt bíllinn beygir.

Tónlistin í BOTNI.

ADAM (22) myndarlegur með rauðbrúnt hár og gæti verið fyrrverandi kærastinn þinn situr í miðjunni og horfir til vina sinna í miðjum látunum.

Hann horfir í vélina og öskrar til okkar.

CUT TO:

- STRÁKARNIR HALDA GOSFLÖSKU Á MILLI FÓTANNA OG BLANDA ÁFENGI Í HANA Á MIÐRI FERÐ.

- RÉTTA HVORUM ÖÐRUM HANA OG TAKA SOPA, ÝMISST HELLA YFIR SJÁLFA SIG.

TITLE CARDS. (INN Á MILLI)

- ZOOMAÐ INN Á MÆLABORÐIÐ ÞAR SEM HRAÐIN VIRÐIST HÆKKA TIL MUNA.

102 **INT/EXT. BÍLL, Á FERÐ - EVENING (IPHONE FOOTAGE)** 102

Adam rífur SÍMANN af vini sínum, opnar rúðuna á bílnum, stingur hausnum út og leyfir vorvindinum að feykja andlitinu.

103 **INT. AMERICAN BAR - NIGHT (IPHONE FOOTAGE)** 103

Adam og vinur hans standa við BARINN og panta sér áfengi.

- POSINN NÆR HÁTÍ Í 20 ÞÚSUND OG ADAM GREIÐIR MEÐ SÍMANUM, BROSIR Í LINSUNA.

CUT TO:

Strákarnir sitja sitt á hvað við FLÖSKUBORÐ og taka skot hver á eftir öðrum. Þeir LÆSA höndum saman og klára drykkina hjá hvorum öðrum.

104 **INT. DANSGÓLF, AMERICAN BAR - NIGHT (IPHONE FOOTAGE)** 104

Adam dansar inni á miðju DANSGÓLFINU á meðan STRÓBLJÓSIN blinda augun á okkur.

- STRÁKARNIR RÉTTA SÍMANN SÍN Á MILLI OG VIÐ SJÁUM ÞÁ NIÐURLÆGJA SJÁLFA SIG MEÐ LÉLEGUM DANSBRÖGÐUM.

105 **EXT. HVERFISGATA - NIGHT (IPHONE FOOTAGE)** 105

Adam skokkar niður HVERFISGÖTUNA haltrandi með GLAS frá barnum í höndinni.

CUT TO:

- ÞEIR RÚLLA UM Í GRASINU OFAN Á HVORUM ÖÐRUM, REYNA AÐ DREKKA DRYKKINN SINN INN Á MILLI.

- KLIFRA UPPI Á GRINDVERKUNUM.

- ÆLA Á BAKVIÐ HÚSASUND.

CUT TO BLACK.

SUPER: GESTIR

106 **EXT. KÓPAVOGUR - NIGHT** 106

Mismunandi blokkir og mismunandi hús frá mismunandi stéttum.

107 **EXT. GATA, KÓPAVOGUR - NIGHT** 107

Við horfum niður þrönga ÍBÚÐARGÖTU þar sem bílarnir sumir eru lagðir uppi á gangstétt og vorljósið í loftinu yfirvegar nóttina.

Skammt frá keyrir TAXI inn götuna og stoppar við innkeyrsluna á BLOKKINNI. Eldri leigubílstjóri stígur út og opnar afturhurðina þar sem Adam sígur niður þannig að leigubílstjórinn grípir hann.

Dregur hann út.

108 INT. GANGUR, BLOKK ADAMS - NIGHT

108

HANDRIÐIÐ teygir sig upp á efstu hæð þar sem íbúðin hans er staðsett. Leigubílstjórinn heldur utan um Adam, sem virðist í annarlegu ástandi og hjálpar honum upp stigann.

ADAM
(muldrandi)
Ég þarf að hringja í hana...

LEIGUBÍLSTJÓRI
Þá bara gerir þú það, þú átt líka eftir að borga. Þú manst það.

ADAM
Það er sparigrís uppi...
(muldrandi)
Ég þarf samt að hringja núna.

LEIGUBÍLSTJÓRI
Já ég heyri það.

ADAM
(muldrandi)
Ertu með inneign?

LEIGUBÍLSTJÓRI
Inneign?

109 INT. HERBERGI ADAMS - NIGHT

109

Hurðin opnast og dimmt HERBERGIÐ lýsist upp vegna rifunar frá hurðagáttinni. Adam gengur inn og FELLUR á rúmið, starir upp í loftið og ómar af sér áfengislyktinni.

Hann misja finnur hana sjálfur og blöskrar.

HARD CUT TO:

110 INT. ÍBÚÐ EYDÍ SAR, STÚDENTAGARÐAR - MORNING

110

VEKJARAKLUKKAN í SÍMANUM hringir á náttstandinum.

Hún slær 7.

CUT TO:

Við sjáum KATTARSKÁL sem liggur á gólfinu, hún skóflar upp mat og setur ofan í hana, fyllir á vatnið.

111 **INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ EYDÍÐAR - MORNING** 111

Hún rekur TANNBURSTANN undir vaskinn og upp í munninn.

EYDÍÐ (24) starir á sjálfa sig í speglinum, BRÚNT og STUTT HÁR, saklaus að náttúru. Hún klárar að bursta sig, heldur störunni í smá.

Andvarpar.

112 **INT. GANGUR, STÚDENTAGARÐAR - MORNING** 112

Eydís erfiðast við að læsa hurðinni að íbúðinni á meðan hún heldur SÍMANUM uppi við eyrað og með KAFFIMÁL á milli handakrikanna.

EYDÍÐ

(í símann)

Sko... ég þarf að skila verkefni í vinnulagi á morgun, svo þarf ég að byrja að læra fyrir prófið í stærðfræðigreiningu á... morgun... líka býst ég við þannig þannig það væri best ef við gætum fundið einhvern nýjan tíma...

(beat)

Eða ég meina við getum alveg reynt það er bara að ég þarf líka að vinna og ég er að reyna finna eitthvað jafnvæ--

Segir hún og missir KAFFIMÁLIÐ í jörðina þannig að það SPLUNDRAST og lekur fram eftir ganginum.

EYDÍÐ (CONT'D)

(í símann)

AH! Sjitt!

(beat)

...jafnvægi... ég hringi á eftir.

Hún skellir á og leggur símann niður, við horfum eftir VÖKVANUM á gólfinu sem teygir sig niður ganginn.

Eydís starir niður ganginn með vonbrigðarsvip.

113 **INT. BÍLL EYDÍÐAR, BÍLASTÆÐI - MORNING** 113

Eydís sest inn í bílinn sinn og lokar hurðinni á eftir sér. Hún lokar augunum og hallar sér aftur, dregur inn andann.

EYDÍS
 (við sjálfa sig)
 Anda inn... og út... þú ert að
 standa þig--

BANK á gluggann.

Eydísi bregður og gefur frá sér óværuhljóð, vinkona hennar
 JÚLÍA (23) stendur fyrir utan gluggann og brosir til hennar,
 opnar svo hurðina og sest inn.

JÚLÍA
 Hæ sæta.

Eydís starir á hana með óþakkarsvip.

EYDÍS
 Má bjóða þér að labba eða?

Júlía brosir.

JÚLÍA
 Takk fyrir farið.

Snýr sér svo við til að kveikja á bílnum.

EYDÍS
 Það var lítið...
 (í útöndum)
 Og ekki gera þetta aftur takk.

Júlía starir á hana og brosir, vitandi að hún eigi eftir
 birta yfir deginum hennar.

114 **INT. SKÓBÚÐ - MORNING**

114

Það blasir við okkur glænýtt eintak af SKÓM sem verið er að
 máta. Júlía krýpur á hnjónum og klárar að reima, horfir svo
 upp til viðskiptavinarins.

JÚLÍA
 Svona... prófaðu aðeins að stíga í
 hann.

Einstaklingurinn stendur upp og við sjáum að HILLURNAR í
 kring eru faglega raðaðar nýjustu týpu af SKÓM og skreyttar
 með LJÓSASERÍUM.

JÚLÍA (O.S.) (CONT'D)
 Hvernig er þetta?

VIÐSKIPTAVINUR (O.S.)
 Þetta er flott, ég tek þessa.

JÚLÍA
Glæsilegt, ég tek þá að
afgreiðsluborðinu. Þeir verða bara
þar.

VIÐSKIPTAVINUR (O.S.)
Frábært, takk.

CUT TO:

Eydís stendur við mitt AFGREIÐSLUBORÐIÐ með olnboga niðri og
starir á SÍMANN sinn. Við heyrum í DINGLI frá símanum, hún
þírir augun.

CONGRATULATIONS! YOU'VE GOT A MATCH!

Sæt mynd af ADAM þekur skjá hennar og hún starir niður,
reynir að átta sig á hvort hann sé sætur eða ekki.

JÚLÍA (O.S.)
Hvað segirðu? Er verið að swipe-a á
launum eða?

Segir Júlía er hún kemur með SKÓKASSA á bakvið
afgreiðsluborðið. Eydís leggur SÍMANN niður og snýr sér við.

EYDÍS
Þetta er töluvert þarilegra þegar
þú ert að fá borgað fyrir þetta.

JÚLÍA
Og... hvað erum við að vinna með?

Eydís andvarpar.

EYDÍS
...pabbastrákar í veiðiferðum og
sveitastrákar á Subaru.

Júlía hefur sína grunsemdir og gengur beint yfir að Eydísi og
hrifsar af henni SÍMANN.

JÚLÍA
Leyf mér að sjá.

Eydís dásir í loftið, og reynir að toga á móti en það er
orðið of seint.

Júlía er kominn með símann og starir niður.

JÚLÍA (CONT'D)
(á símann)
...jahá.

EYDÍS

Hvað?

JÚLÍA

Bara... hefði ekki haldið að þetta væri þín týpa.

Segir hún og réttir henni aftur símann.

EYDÍS

(ypptir öxlum)

Mín týpa? Hvað er mín týpa? Er ég með týpu?

Júlía starir og glottir, segir ekkert.

EYDÍS (CONT'D)

Einmitt.

Eydís tekur saman SKÓKASSA sem eru á borðinu og færir sig frá afgreiðsluborðinu.

JÚLÍA

Hvenær fékkstu einhvern inn í þig síðast?

EYDÍS

Júlía!?

Júlía sér að Eydís er að forðast hana, hún heldur áfram að kryfja. Eydís horfir í kringum sig til að athuga hvort einhver annar sé í nánd.

JÚLÍA

Hvað? Ókei, hvenær fórstu síðast heim með einhverjum?

Segir hún og hallar sér að afgreiðsluborðinu.

EYDÍS

Hvenær fórst þú síðast ekki heim með einhverjum?

Point taken.

JÚLÍA

Eydís, ég mana þig að fara á deit með honum. Fara aðeins út fyrir þægindarammann.

(beat)

Skólinn er ekki að fara neitt.

Júlía hallar sér fram á afgreiðsluborðið.

Eydís brosir, meðtekur orð hennar en setur þau til hliðar.

EYDÍS
Takk fyrir gott boð.
(beat)
Ég ætla inná lager.

Júlía kinkar kolli, ruggar hausnum á meðan Eydís gengur burt.

Snýr sér svo að búðinni.

JÚLÍA
You do you gella.
(við viðskiptavin)
Daginn.

115 **INT. HERBERGI ADAMS - DAY** 115

Sama herbergið nema tekið að birta.

AVICII PLAKÖT á veggjunum fyrir ofan hann. PLAYSTATION
fjarstýringar á náttstandinum og leifar af ÁFENGI.

Óværuhljóðin berast yfir herbergið er hann rankar við sér í
DJAMMFÖTUNUM á rúminu, hann rúllar sér yfir á hliðina og
DETTUR á gólfið.

116 **INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - DAY** 116

Adam opnar TREO FLÖSKUNA og hendir einni FREYÐITÖFLU ofan í
vatnið, þambar það. Við sjáum hamanganginn á barkakýlinu á
meðan hann innbyrðir blönduna.

HARD CUT TO:

Gufan frá sturtunni umlykur baðherbergið er við færumst nær
klefanum. Adam stendur í sturtunni, stjarfur og
tilfinningalaus og starir áfram.

Allt í einu KÚGAST hann og KASTAR UPP á glerið fyrir framan
okkur.

117 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - DAY** 117

Hann opnar ÍSSKÁPINN, starir inn í hann.

Líflaus, þunnur. Tekur út mjólkina og lokar, andvarpar svo.

Á borðinu liggur IKEA SKÁLIN með SERÍÓSINU sem er orðið blautt og hefur lítið verið snert. Adam starir niður á skálina og endurhugsar atburði gærdagsins.

Hann hallar sér áfram á borðið og leggur hendurnar fyrir andlitið á sér, gefur frá sér óværunlangt muldur.

GYÐA (O.S.)

-- Góðan og blessaðan...

Adam sleppir niður höndum og horfir að inngangi eldhússins.

GYÐA (CONT'D)

Hvenær komst þú heim?

ADAM

Ég... get ekki séð hvernig það skiptir máli.

GYÐA

Á meðan þú býrð hér, þá skiptir það máli.

ADAM

Ekki er ég að spurja þig hvað þú gerðir um helgina?

GYÐA

Nei, enda er þriðjudagur í dag.

Adam hristir hausinn, flissar eins og hann eigi von á *punchline* frá mömmu sinni. Hann horfir frá--

ADAM

Nei...

(horfir til baka)

Ha... ertu viss?

GYÐA (56), móðir hans stendur við vegginn og andar út, sest svo niður við ELDHÚSBORÐIÐ hjá Adam.

ADAM (O.S.) (CONT'D)

Afhverju var svona mikið að fólki að djamma á mánudegi? Hvað er að þessu landi?

(beat)

Djöfulsins alkar maður...

Hún tekur í höndina hans sem liggur þvert á borðinu, augun hans líta í átt að látbragðinu.

GYÐA

Adam minn.

(beat)

Fer þetta ekki að vera komið gott?

Hann hristir hausinn í afneitun.

ADAM

Hvað?

GYÐA

Ætlarðu bara að halda þessu áfram?

ADAM

Halda... hvað... er ekki bara gott
að halda áfram, ég skil ekki alveg
hvert þú ert að fara.

GYÐA

Sífellt djammástand, huglaus
drykkjan... allar nætur--Hann slítur handsambandið.

ADAM

Mamma ég er tuttugu og tveggja
ára... er það alveg versti hlutur í
heimi að ég sé aðeins að reyna hafa
gaman.

(beat)

Kynnast fólki...

GYÐA

Já... tuttugu og tveggja ára fólk
er með vinnu Adam. Tuttugu og
tveggja ára fólk er í Háskóla-- með
stefnu í lífinu... drauma.

Hönd hans kastast upp í loft.

ADAM

Hver sagði að ég væri ekki með
drauma?

Gyða andvarpar.

GYÐA

Ég er ekki að segja það Adam, en er
ekki kannski kominn tími til að...

(beat)

...láta hlutina gerast.

Adam starir áfram, hlutirnir sem hann heyrir frá móður sinni gera honum bággt til. Hann starir niður á borðið og brosir, ekki af gleði.

ADAM
Láta hvað gerast...?

Mamma hans starir á hann með vonsvikni í augunum, sjálfstraust hans brestur.

ADAM (CONT'D)
Mmm... ókei ég skil.
(flissar)
Þér mistókst einu sinni, þannig núna á að reyna bæta upp fyrir það.

GYÐA
Ekki...

Hann kinkar kolli.

ADAM
En ég er ekki hann er það? Eins mikið og þú vilt það.

Hún starir á Adam, óviss um næstu orð. Hann ýtir stólnum aftur og stendur upp.

ADAM (CONT'D)
Sorrý hvað ég er mikil vonbrigði...

GYÐA
Adam...

Hann gengur út frá eldhúsinu, stoppar við enda þess.

ADAM
Á meðan ég man...
(beat)
Ég er að fara í atvinnuviðtal á morgun, þannig ef allt gengur upp. Þá kannski færðu að losna við mig.
(beat)
Loksins.

Adam hverfur úr ramma, skilur eftir móður sína sem situr enn við eldhúsborðið og þúslar saman hugsunum sínum.

Adam gengur inn í herbergið sitt og lokar hurðinni á eftir sér, hann hallar sér upp að henni og skallar hausnum nokkrum sinnum afturábak.

Hann sígur niður á gólfið þar sem hnén ná herra en hausinn hans. Skapið óstöðugt, hann reynir að bæla niður angrið, sorgina.

BÍP!

NOTIFICATION hljóð frá vasanum. Adam bregst ekki við í fyrstu en forvitnin nær yfirhönd. Hann fer í vasann og skoðar skjáinn.

CONGRATULATIONS! YOU'VE GOT A MATCH!

Við horfum á skjáinn er við færumst nær honum.

Adam starir niður á SÍMANN.

Og svo upp... fær hugmynd.

SONG: BJÖRGVIN HALLDÓRS - ÞÓ LÍÐI ÁR OG ÖLD

120

INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ EYDÍRAR - EVENING

120

Lagið færast yfir í næstu senu og bergmálar í bakgrunninum.

VARAGLOSSIÐ færast þvert yfir varir Eydísar og þekur yfirborðið að ofan og neðan. Hún horfir á sjálfa sig í speglinum og heldur símanum uppi með FACETIME.

EYDÍS

Hvernig er þessi?

JÚLÍA (V.O.)

Já halló... er Eydís heima eða? Ég var að hringja í hana sko.

Eydís hlær.

EYDÍS

(tælandi)

Sorry... Eydís er ekki heima...

Júlía flissar.

JÚLÍA (V.O.)

Æj... ég get þig ekki. Þú ert fullkominn.

EYDÍS

Ekki fullkomnari en þú.

Eydís horfir í símann og talar við Júlíu á FACETIME.

JÚLÍA (V.O.)
 Mundu svo bara... þú stjórnar
 kvöldinu. Hann er ekki með nein
 völd, reyndu bara að taka því
 rólega.
 (beat)
 Þú ert BOSS ASS BITCH.

Eydís brosir í símann.

EYDÍS
 Hvar væri ég án þín?

JÚLÍA (V.O.)
 Örugglega einhverstaðar bara...
 dauð í skurði eða eitthvað.

EYDÍS
 Ég sé þig á morgun.

JÚLÍA (V.O.)
 Love you bitch. Girl boss.

EYDÍS
 Love you.

Eydís skellir á, snýr sér aftur að speglinum og starir. Hún andvarpar í smá áður en óþekkt hljóð umlykur eyrun okkar.

Þetta er FLAUTA úr bíl fyrir utan. Augabrúnir hennar tvístrast er hún lítur fyrir bakvið sig. Hún gengur aftur úr baðherberginu og horfir í átt að glugganum.

Sérkennilegur svipur á andliti hennar.

CUT TO:

121 **EXT. STÚDENTAGARÐAR - EVENING** 121

Við fylgjum mitti hennar á meðan hún gengur í áttina að
 FLAUTANDI BÍLNUM, eini bíllinn í kring sem er í gangi.

122 **INT. BÍLL ADAMS - EVENING** 122

Hönd hans hjakkast á STÝRINU þar til að farþegahurðin OPNAST
 og Eydís sest inn. Adam horfir á hana koma sér fyrir.

Vandræðalegt bros á milli þeirra beggja.

ADAM
 Þú verður að afsaka þetta.

Adam lyftir símanum sínum upp í áttina að henni.

ADAM (CONT'D)
Batteríslaus.

Eydís brosir vandræðalega.

Hann sleppir honum. Kynnir sig.

ADAM (CONT'D)
Adam.

Hún gerir hið sama.

EYDÍS
Eydís.

Handabandi slitið, við tekur vandræðalegt þögn.

ADAM EYDÍS (CONT'D)
Varstu eitthvað búin að þæla- Veistu eitthvað hvernig--
-

Þau tala ofan í hvort annað, við tekur önnur stutt þögn.

EYDÍS (CONT'D)
-- nei... bara...

Adam kinkar kolli.

ADAM
-- já... nei sama hér sko.

Þau kinka bæði kolli.

ADAM (CONT'D)
Ég er með... smá hugmynd... þínku
flippuð en ég held að hún gæti
virkað.

EYDÍS
...hversu flippuð?

Segir hún og gerir grín af orðalagi hans.

VANDRÆÐALEIKI:1 - RÓMANTÍK:0

HARD CUT TO:

STJÖRNURNAR þekja sjóndeildarhringinn og lengra.

DAUÐAÞÖGN.

Úti í horni sjáum við bjartan ljóma, hann verður bjartari og bjartari. Við fylgjum honum og afhjúpum JÖRÐINA í allri sinni dýrð.

Á ógnarhraða sjáum við skjótan BLOSSA sem stefnir í átt að JÖRÐU. Grænn og blár, skilur eftir glóandi spor á eftir sér.

MATCH CUT TO:

124 **EXT. HVALFJÖRÐUR - DAY** 124

Við svífum meðfram ójöfnum veginum í HVALFIRÐI þar til að BÍLLINN keyrir framhá okkur og skvettir steinurð í náttúruna.

125 **INT. BÍLL ADAMS, VEGUR Í HVALFIRÐI - EVENING** 125

Litla LJÓSIÐ ofan af bílnum nær yfir þau bæði sem sitja í kyrrð og hlusta á hljóðið úr veginum.

Eydís brýtur ísinn.

EYDÍS

Tekurðu allar gellurnar þínar hingað? Eða bara þær sem þú planar að myrða?

Adam horfir yfir.

ADAM

Heyrðu gaman að þú skildir minnst á þetta, ég er einmitt með fjöldagröf hérna aðeins niður veginn.

Segir hann með stríðnistón.

Eydís flissar.

EYDÍS

Frábært...

(yfir til hans)

Þú verður þá allavega að leyfa mér að ráða hvernig ég dey.

ADAM

Það er nú bara *standard*, ég leyfi þeim alltaf að velja.

EYDÍS
En fallett af þér.

ADAM
Ég get keyrt hann hérna niður af kletti... eða kannski skilið þig eftir í skurði hérna á horninu einhversstaðar.

EYDÍS
Já, veistu ég er bara með valkvíða. Þetta er allt mjög heillandi.

Dok. Þögn.

Hún brosir... snýr sér að öðru.

EYDÍS (CONT'D)
En þú? Segðu mér eitthvað um þig.

Adam horfir yfir til hennar.

ADAM
Hvað má bjóða þér að vita?

EYDÍS
Hvað gerirðu? Til dæmis.

Adam andvarpar...

ADAM
Viltu ekki vita eitthvað merkilegra en það?

EYDÍS
Er þetta ekki svona almennt séð leiðin til að brjóta ísinn?
(beat)
Keyrir um á flottum bíl... berð þig nokkuð vel... ef ég ætti að giska þá myndi ég segja... Hagstofan?

Adam starir.

EYDÍS (CONT'D)
Seðlabankinn?

Beat.

ADAM
Góð gisk... ekki rétt samt sem áður. En... þú?

EYDÍS

Úff...

(beat)

Ókei... foreldarnir mínir búa fyrir norðan, læri efnafræði í Háskólanum og... vinn í skóbúð.

Beat.

ADAM

Ó, ertu búinn?

EYDÍS

...jep.

Segir hún og undrar hvort að hún hefði átt að selja sig stærra.

ADAM

Bara íslenski draumurinn sem sagt?

EYDÍS

Eitthvað þannig...

Adam horfir yfir til hennar og brosir.

Hann setur stefnuljósið á og hægir á sér.

126 **EXT. HÆÐ, HVALEFJÖRÐUR - EVENING**

126

Við heyrum í ÖLDUNUM skella á yfirborðinu fyrir neðan hæðina, myrkrið hylur flest í nánd er við færumst í átt að bílnum sem stendur kjurr, þó í gangi.

Við horfum inn í gegnum AFTURRÚÐUNA og sjáum þau tvö horfa niður, ljósið fyrir ofan mælaborðið er það eina sem greinir þau frá mykrinu.

127 **INT. BÍLL ADAMS, HÆÐ - CONTINUOUS**

127

Eydís heldur í hönd Adams sem stendur í fyrirrúmi og svífur yfir GLASAHALDARANUM og undir LJÓSINU. Lófin hans snýr að okkur.

EYDÍS

Þetta eru línurnar sem þú fæddist með. Fyrir konur þá er það hin höndin.

(bendir á efstu línu)

Efstá línan er hjartalínan.

ADAM
Hvað segir hún?

EYDÍS
Margt.

ADAM
...eins og?

EYDÍS
Sérðu hvernig hún teygist? Og sveiginn hérna á endanum?

ADAM
Og það þýðir að ég sé að fara vinna Lottóið, er það ekki?

EYDÍS
Virkar ekki alveg þannig.

ADAM
Ókei... hvað þá?

Hún starir niður á höndina.

EYDÍS
Mörg sambönd, margir elskendur,
fólk hefur komið og farið í lífinu
þínu.
(beat)
Erfiði með skuldbindingar--

ADAM
Ókei! Komið gott...

Segir hann og hrifsar hönd sína til baka. Þau hlægja á meðan þau snúa sér aftur að FRAMRÚÐUNNI.

ADAM (CONT'D)
Ég ætla ekki að ljúga að þér. Þessi staður var töluvert flottari í minningunni.

(beat)
Einu sinni kom ég oft hingað, það er friður hérna, auðvelt að hugsa.

EYDÍS
Hljómar smá eins og einstæð móðir.

ADAM
Einstæð móðir er ástæðan afhverju ég kom hingað.

(brosir)
(MORE)

ADAM (CONT'D)
Hvað? Segðu mér að þú hafir aldrei þurft að komast í burtu?

EYDÍS
Stundum...
(beat)
En ég er ég og þú ert þú. Allir hafa sínar leiðir.

Adam horfir yfir til Eydísar. Hún starir til baka, djúpu samtölin eru farin að hafa áhrif.

ADAM
Og... hvað svo?

Bros. Báðum megin.

Þau nálgast hvort annað, rólega.

128 **EXT. HÆÐ, HVALFJÖRÐUR - EVENING (SLOW MOTION)** 128

Nálgumst þau hægt, í gegnum framrúðuna.

Þau færast að hvoru öðru og KYSSAST.

Í augnablikinu birtist grænblár BLOSSI sem endurspeglast af FRAMRÚÐUNNI og lætur þau hverfa inn í nóttina.

129 **EXT. HVALFJÖRÐUR - EVENING (SLOW MOTION)** 129

BLOSSINN lýsir upp grasið sem blæs með vindnum. Hann lýsir upp mölina og skiltin í HVALFIRÐI. Óreiðan í vatninu verður einnig fyrir GLÓA og lítur út fyrir að verða geislavirk fyrir vikið.

130 **INT. BÍLL ADAMS, HÆÐ - EVENING (SLOW MOTION)** 130

BLOSSINN hverfur fyrir bakvið Adam og Eydísi um leið og þau slíta kossinum, þau staðnæmast, stara á hvort annað.

Við heyrum í HÁVAÐA HVELL sem skellur á eyrum okkar.

CUT TO BLACK.

Hann bergmálar inn í svart.

131 **INT. ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT** 131

Allt er orðið rólegt aftur.

TUNGLSLJÓSIÐ lýsir í gegnum glugganna heima og beint á BÓKAHILLURNAR sem innihalda sjálfsævisögur af allskonar toga. Rigningin úti hjálpar við að stilla af stemninguna.

Eldhúsið er TÓMT.

Sama má segja um stofuna, nema nokkrir myndarammar af Adam í fermingargallanum.

CUT TO:

Við læðumst upp að HERBERGI ADAMS, það endurvarpast hljóð að innan sem verður hærra því nær sem við komumst að hurðinni.

Framandi hljóð.

Kosmískt.

HARD CUT TO:

132

INT. HERBERGI ADAMS - NIGHT

132

Adam liggur á bakinu og horfir upp. Munnurinn opinn, augun einnig, hann gapir út í loftið á meðan tárin leka niður hliðarnar

RAUÐ, BLÁ OG GRÆN LJÓS skiptast á að yfirgnæfa skilningarvitin hans. Hvort þau séu að koma frá geimnum eða úr loftinu á herbergi hans er erfitt að vita.

Svipurinn sem hann gefur frá sér er eins og hann sé að sjá eitthvað HRYLLILEGT en samt svo HEILLANDI á sama tíma.

Hljóðið sem við heyrðum fyrir utan hurðina er á jaðri hávaðarmarka en erfitt er að gera eitthvað úr því.

CUT TO:

Eydís liggur við hlið hans í rúminu, þau hafa greinilega ekki farið hvort í sína átt. Ástand hennar er það sama. Hún starir upp í dulvitund á meðan að LJÓSIÐ fyrir ofan virðist taka yfir hana.

Tárin úr augum hennar lekur niður frá augum að kinn.

CUT TO BLACK.

133

EXT. KÓPAVOGUR - MORNING

133

Nýr dagur, fólk á leið í vinnu.

Strætó keyrir um á meðan samfélagið vaknar.

134 **INT. HERBERGI ADAMS - MORNING** 134

PARKETIÐ á gólfinu hefur tekið að flagna, fætur Eydísar snerta jörðina og hún stendur upp úr rúminu.

135 **INT. ÍBÚÐ ADAMS - MORNING** 135

Við eltum hana þar sem hún gengur í gegnum íbúðina eins og hún hafi alltaf búið þarna, í átt að baðherberginu. Hún kemur að því og lokar hurðinni.

Skilur okkur eftir fyrir utan.

Það er skrúfað frá KRANANUM að innan á meðan við bökkum frá hurðinni sem var skellt á okkur. Hljómar eins og hún sé að skvetta vatni í andlit sitt, þrífa stírurnar.

Þar til að við heyrum ÖSKUR, sem er svo hátt að upptök þess hljóta hafa komið frá maganum. Hryllingsóp eins og í kvikmyndunum

Og svo...

CUT TO BLACK.

END CREDITS

G E S T I R
EPO2 - "ÉG ER ÞÚ"

eftir
Ásgeir Sigurðsson

LJÓS Films ehf ©
asgeir@ljosfilms.is

**ATH. HÉÐAN Í FRÁ MUN ADAM HAGA SÉR EINS OG EYDÍS, OG EYDÍS
MUN HAGA SÉR EINS OG ADAM. LÍKAMAR ÞEIRRA Hafa VÍXLAST.**

201 INT. HERBERGI ADAMS - MORNING

201

1ST PERSON VIEW:

Við horfum upp í loftið, rönkum við okkur. Augun blikka á meðan Adam gefur frá sér kvenlegt geisp. Hann réttir úr sér og sest á rúmstokkinn.

Hann horfir niður og sér LOÐNAR LAPPIRNAR sínar.

END 1ST PERSON VIEW.

Adam grandskoðar þær, þreifir niður á hárunum.

ADAM
(muldrandi)
Mmmm... Hm?

ÖSKUR úr herberginu frammi á gangi.

Hausinn hans hrifsast í átt að hljóðinu og hann gefur upp forvitnissvip.

202 INT. BAÐHERBERGI/GANGUR, ÍBÚÐ ADAMS - CONTINUOUS

202

Eydís heldur skelfandi höndunum sínum yfir vaskinum þar sem vatnið rennur enn niður marmarann. Hún horfir frá þeim og yfir á sjálfa sig í speglinum, hún trúir ekki sínum eigin augum.

Það ískrar í hurðinni að baðherberginu á sama tíma og hún lítur í átt að dyragáttinni, enn í losti og sér ADAM. Honum BREGÐUR og ÖSKRAR í átt að henni, Eydísi bregður til baka og ÖSKRAR á hann.

Þau gera þetta fram og til baka þar til... þau stöðva, stara hvort á annað. Adam gengur framhjá hurðinni og inn á baðherbergi, horfir á sjálfan sig í speglinum. Hann starir áfram, yfirþyrmandi tilfinningar fanga hann.

Hann snertir á sér andlitið, horfir yfir á Eydísi. Þau stara hvort á annað.

203 INT. ÍBÚÐ ADAMS - MOMENTS LATER

203

ADAM (O.S.)
Neineineineineineinei....

Adam gengur í átt að svefnherberginu sem þau gistu í.

ADAM (CONT'D)

Þetta er ekki að gerast... þetta er ekki að gerast... þetta er ekki að gerast...

EYDÍS

Hey.... heyheyhey?!

Eydís grípur í höndina hans og stöðvar hann á miðjum ganginum.

EYDÍS (CONT'D)

Eydís! Eydís! Róaðu þig... talaðu við mig...

ADAM

Slaka á?! Hvernig á ég að slaka?
(gribbulega)
Ég er þú!

Segir hann standandi andspænis henni og bendir, áttar sig svo á að hann er ber að ofan og færir hendurnar fyrir brjóstin.

EYDÍS

Já er það?!

ADAM

Hvernig ertu ekki að fríka út?!

Eydís sussar á Adam.

EYDÍS

Ég er að fríka út... ég er bara betri í að fela það.

Beat.

ADAM

-- veistu ég get ekki verið að standa í þessu... ég þarf að læra fyrir stærðfræðigreiningu, ég er ekkert búin að vinna í BS ritgerðinni minni... ég er ekki einu sinni búinn að--

Eydís truflar Adam sem virðist tala í móðursýkiskasti, hún lækkar róminn.

EYDÍS

Eydís! Þetta reddast allt. Slakaðu á... það hlítur að vera einhver skýring á þessu.

ADAM

Ég trúi ekki að þetta sé að gerast.
Ég trúi ekki að þetta sé að
gerast...

(beat)

Ég er ekki búin að helga lífi mínu
í lærdóm til að víxla svo lífi við
einhvern bjána sem keyrir BMW.

EYDÍS

Ókei, óþarfi að blanda bimmanum
inní þetta.

ADAM

(lágróma)

Ég hefði aldrei átt að hlusta á
Júlíu...

EYDÍS

Hver er Júlía?

Svarar hún eins og hún sé smá sár eftir fyrri ummæli.

ADAM

Manneskjan sem plataði mig í þetta
klabb með þér!

EYDÍS

Ó, ókei sorry já alveg rétt, þannig
að ég er semsagt vondi kallinn?

Beat.

ADAM

Vildirðu yfir höfuð hitta mig?

Eydís flissar.

EYDÍS

Hvað-... ég... já?

Segir hún af örlitlu öryggi og starir á Adam sem stendur
hneykslaður á móti henni.

Adam snýr sér við og stormar í átt að herberginu.

EYDÍS (CONT'D)

Eydís?! Eydís!

Skellir á eftir sér. Hún stendur eftir og andvarpar.

CUT TO BLACK.

INTRO SEQUENCE.

CUT TO:

204 INT. HERBERGI ADAMS - MORNING

204

Við störum beint á andlit ADAMS. Hann horfir áfram, munnurinn opinn og augun tvístrandi. Eins og skilningarvitin hafi skilið hann eftir.

EYDÍS (O.S.)
Eydís... Eydís? Eydís?

Þau sitja með góðu millibili í RÚMINU hans Adams og stara áfram, óviss um hvað er í gangi, óviss með framtíðina. Tilfinningarlaus andlit þeirra og tómarúmið fyrir ofan þau setur tóninn.

Adam horfir yfir til hennar.

EYDÍS (CONT'D)
Ertu búin að jafna þig?

Eydís virðist vera að meðhöndla aðstæðurnar betur, miðað við.

ADAM
Má ég spurja þig að einu?

EYDÍS
...já.

ADAM
Hvað er langt síðan að þú fékkst þér vatn að drekka?

Beat.

EYDÍS
Úff... það er reyndar bara helvíti góð spurning.

Þau sitja í þögninni.

EYDÍS (CONT'D)
Ég fæ kannski bara að byrja, þar sem að þú munt komast að því hvort sem er... fyrr eða síðar.
(híkar)
Ég er... líklega ekki sá sem þú heldur að ég sé... eiginlega bara langt í frá...

Adam horfir yfir.

EYDÍS (CONT'D)

Ég á ekki þennan bíl... mamma á hann... ég eyði mestum mínum tíma niðri í bæ, djamma... drekka... er ekki með vinnu...

(flissar)

Reyndar þá á ég atvinnuviðtal eftir svona klukkutíma... og ef ég fæ ekki vinnu... þá er ekkert ólíklegt að mamma mín hendi mér hédan út.

(beat)

Þannig að...

ADAM (O.S.)

Ég skal fara.

Eydís horfir yfir.

ADAM (CONT'D)

Ég skal fara í þetta viðtal.

EYDÍS

Nei... allt í góðu... ég veit ekki einu sinni hvort ég ætlaði sjálfur.

ADAM

Ef þú tekur þér tíma á meðan... til að komast af því... hvað í fjandanum... er í gangi.

EYDÍS

...ókei.

ADAM

Ef við þurfum að lifa lífi hvors annars, þá skulum við allavega reyna að rústa þeim ekki.

(beat)

Allt sem þú þarft að gera, geri ég og allt sem ég þarf að gera, gerir þú. Tímabundið.

Eydís kinkar kolli.

ADAM (CONT'D)

Við þurfum bara að leggja nokkrar grunnreglur... ertu að hlusta?

EYDÍS

Mhm.

ADAM

(stappar stáli)

Þú þarft að mæta í vinnuna á hverjum degi, á réttum tíma. Ef ég missi vinnuna, þá missi ég allt.

(beat)

Þú þarft að mæta í skólann, ég skal sjá um verkefnin-- ekki hafa áhyggjur af því, þú þarft bara að mæta. Engir orkudrykkir, ekkert áfengi--

EYDÍS

--ekkert áfengi?

ADAM

Nei... og ekkert kjöt, engin skyndibiti. Ekkert kjaftæði.

Eydís blæs út úr munninum.

EYDÍS

Þetta er enginn smá listi maður.

ADAM

Og síðast en ekki síst... ekki ... skoða á mér þíkuna... ekki snerta hana, ekki kíkja.

...

EYDÍS

(hneyksluð)

... hvað heldurðu að ég sé einhver perri eða?

Hann andvarpar.

ADAM

... hvað með þig?

EYDÍS

Hvað með mig?

ADAM

Ert þú ekki með lista?

EYDÍS

Ó... já bara... þú veist... bara... þúst, þú mátt bara... allt í góðu mín vegna sko. Ekkert eitthvað stress.

ADAM
...einmitt.

Bilið á milli þeirra er ennþá í fyrirrúmi, Adam snýr sér fram og dregur inn andann.

ADAM (CONT'D)
Hver á að vera með hvaða síma? Á ég
að vera með þinn eða minn? Eða á ég
að vera með minn og þú með minn?

Augabrúnirnar á Eydísi tvístrast.

EYDÍS
Nei, nú ertu bara að flækja þetta.

HARD CUT TO:

205 **INT. STRETÓ - MORNING** 205

Fætur hans snerta gólfflöt STRETÓSINS, við horfum upp og sjáum ADAM sem situr í miðjum vagninum og starir áfram á meðan skilningarvitin ná sér saman.

Hann er í GALLAJAKKA, í BUXUM í sama stíl og með BINDI.

Á meðan STRETISVAGNIN hristist til horfir Adam til baka í áttina að farþegunum að aftan, hann athugar hvort þau sjái eitthvað öðruvísi við hann, svo er ekki.

Svo hann snýr sér fram og þefar undir handakrikunum sínum.

206 **INT. BÍLL ADAMS - MORNING** 206

Eydís opnar hurðina á bílnum og sest inn. Hún staldrar í smá þar til að hún tekur í BAKSÝNISSPEGILINN og dregur hann að sér, sér sjálfa sig.

EYDÍS
...ókei.

Segir hún með gæsahúð á meðan hún er að venjast. Hún ýtir speglinum aftur til baka.

Kveikir á bílnum.

207 **EXT. STRETÓSKÝLI - MORNING** 207

STRETÓ stendur kjurr fyrir framan SKÝLIÐ, keyrir svo í burtu og í leiðinni afhjúpar Adam sem stendur eftir fyrir framan það. Hann horfir sér til átta og gengur svo af stað.

208 **EXT/INT. BÍLL ADAMS, BÍLASTÆÐI LANDSBÓKASAFNS - MORNING** 208

Hendur Eydísar fljóta í loftinu fyrir ofan stýrið á bílnum og skelfa. Hún snýr þeim við og við sjáum línurnar inni í lófunum hennar, ekki þær sömu og í gær.

Hún starir á HENDURNAR og andvarpar, safnar upp kjarki á meðan enginn sér til. Athyglin hennar beinir sér að glugganum andspænis henni. Hún horfir á LANDSBÓKASAFNIÐ sem umlykur lóðina.

209 **EXT. BÍLL ADAMS, BÍLASTÆÐI LANDSBÓKASAFNS - MORNING** 209

Hurðin lokast og við eltum Eydísi meðfram bílnum og út á götu þar sem hún gengur í átt að BÓKASAFNINU. Hún heldur á DERHÚFU sem hún treður á hausinn, og festir vel niður.

Eins og hún vilji að enginn sjái til hennar.

EYDÍS
(við sjálfa sig)
Ókei... ókei... ókei...

Til í tuskið.

210 **INT. ANDDYRI, SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI - MORNING** 210

VERSLUNARHURÐARNAR renna hvor í sína átt og við heyrum í BJÖLLU dingla. Fótskref dynja á flísunum þegar inn er komið.

Adam stendur í miðju anddyrinu horfir í kringum sig, og svo upp.

CUT TO:

Við horfum niður á Adam frá STIGANUM, rýmið í kringum hann er yfirþyrmandi.

211 **INT. GANGUR, SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI - MORNING** 211

Fyrir framan okkur stendur langur gangur sem dregst fram á sjóndeildarhring. FLÚÓRLJÓSIN standa meðfram löngum gluggum sem þaktir eru með ógegnsæjum GLUGGATJÖLDUM.

Adam kemur upp stigann og staldrar í miðju inngangsins. Hann starir niður hann með forvitnisauga. Í endanum, við eina skrifstofuna sjáum við STÓLARÓÐ uppi við vegginn. 4 eða 5 strákar á hans aldri sitja uppi við röðina í FÍNUM FÓTUM.

Adam andar inn, gengur niður ganginn þar sem við eltum hann að framan. Við nálgumst STÓLARÖÐINA.

CUT TO:

Eitt AUTT sæti á milli þeirra allra, Adam sest niður og tekur það. Reynir að haga sér eins venjulega og hann getur. Byrjar að setja lappirnar sínar í kross en hættir við, athugar hvernig hinir strákarnir bera sig og hermir eftir þeim.

STRÁKUR 1 (O.S.)
(hvíslandi)
Finnurðu þessa ilmvatnslykt eða?

STRÁKUR 2 (O.S.)
Díses maður, já...

Adam hallar sér og lítur út fyrir röðina, svo aftur til baka og reynir að fela sig.

Hurðin að SKRIFSTOFUNNI opnast.

ATVINNUREKANDI (O.S.)
Adam?

Hann bregst ekki við strax, hann er ennþá að venja sig...

ATVINNUREKANDI (CONT'D)
Adam Almarsson?!

ADAM
Já! Einmitt... Adam...

Hann stendur upp og gengur inn á skrifstofuna. Hurðin lokast á eftir honum og við erum skilin eftir með öllum hinum strákunum sem að horfa hvern á annan.

212

INT. BÓKAGANGUR, LANDSBÓKASAFN - MORNING

212

BÓKAHILLURNAR standa þétt uppi við hvora aðra og skapa klaustrófóbískt rými. Eydís stingur hausnum sínum í gegnum einn ganginn og labbar framhá honum, við færumst með henni í gegnum nokkra ganga þar til að eitthvað grípur athygli hennar.

Hún gengur inn ganginn í áttina að okkur og færir puttan eftir bókaröðinni þar til hún lendir á því sem hún leitast að.

Puttinn hennar umlykur kápuna og dregur hana niður að sér. Hún skoðar bókina og við sjáum framan á.

Understanding Properties of Atoms, Molecules and Materials.

Eydís horfir á bókina, starir í smá og áttar sig á því að lesturinn muni gagnast henni lítið. Því skilar hún bókinni og horfir í kringum sig áttavíllt.

213

INT. LANDSBÓKASAFN - MORNING

213

Við nálgumst TÖLVUBORÐ bókasafnsins þar sem að nokkrar tölvur eru aðskildar með skermum. Eydís sest niður fyrir framan eina TÖLVUNA og kveikir á henni.

Hún dregur fram LYKLABORÐIÐ og tikkar inn. Færir MÚSINA í þá stöðu sem hún vill hana og byrjar að vafra. Svipbrögð andlits hennar breytast frá einhverju forvitnilegu yfir í einhverskonar vitrun.

EYDÍS
Hó...lí...sjött.

Við sjáum á skjáinn hennar.

BÓKASAFNSVÖRÐUR (V.O.)
SUS!

VÍGAHNÖTTUR SPRAKK YFIR FAXAFLÓA Í GÆRKVÖLDI.

Er aðalfyrirsögnin á www.mbl.is

214

INT. SKRIFSTOFA - MORNING

214

BEST BOSS EVER stendur á KAFFIBOLLANUM sem liggur á borðinu. ATVINNUREKANDINN tekur hann upp og fær sér sopa af kaffinu á meðan hann leitast eftir skjölum á borðinu.

Adam situr í stólnum andspænis honum og fylgist með því sem hún er að gera.

ATVINNUREKANDI (O.S.)
Hver var aftur kennitalan þín?

Adam opnar munninn en erfiðast með orðin, enda veit hann ekki kennitöluna.

ATVINNUREKANDI (CONT'D)
Nei bíddu, hérna... Adam, fann þetta.

Segir hún og tekur upp SKJALIÐ, les það.

ATVINNUREKANDI (O.S.) (CONT'D)
...góðgerðarstarfsemi...

Augabrúnir Adams snúast á hvolf.

ATVINNUREKANDI (CONT'D)
 Dale Carnegie... sjálfboðavinna...
 já...

Atvinnurekandinn kinkar kolli og leggur niður blaðið.

ATVINNUREKANDI (CONT'D)
 Þetta lítur nokkuð vel út en... það
 sem ég hef kannski mestan áhuga á
 að vita... er... afhverju viltu
 vinna hérna? Hvað var það sem vakti
 áhuga?

Adam dregur inn andann og flissar vandræðalega.

ADAM
 ... vá, það er svo mikið sem mér
 dettur í hug. Það er náttúrulega...
 vá. Fyrst og fremst þá hérna...

Hann setur hendur á höku og snýr hausnum sýnum rangsælis,
 skoðar í kringum skrifstofuna og sér HILLU með KAFFIBOLLUM og
 allskonar NÖRDA-DÓTI.

ADAM (CONT'D)
 Kaffimálin...

ATVINNUREKANDI
 Kaffi... málin?

ADAM
 Málin ykkar... málefni, þið eruð
 með svo mikilvæg málefni sem að ég
 brenn fyrir.

ATVINNUREKANDI
 Ókei... og varðandi stefnu
 fyrirtækisins... hvar sérðu þig
 passa?

ADAM
 Ég er náttúrulega alltaf að passa
 sko, eða ekki að það að passa börn
 sé eitthvað partur af stefnunni, en
 ég horfi á börnin sem... þú veist,
 part af stefnunni. Við þurfum öll
 að passa vel uppá börnin.

ATVINNUREKANDI
 ... Ókei...
 (beat)
 Burt séð frá því, þú kannski segir
 mér aðeins frá sjálfum þér.

ADAM

Pffft... hvað viltu vita segi ég bara?

(vandræðalegt fliss)

Flestir segja bara að ég sé fínasta stelpa sko... og... er það bara ég sem er að fokking stikna?

Atvinnurekandinn horfir í kringum sig, áttar sig ekki á aðstæðunum.

ATVINNUREKANDI

Er allt í góðu?

ADAM

Eruði ekki með klósett?

ATVINNUREKANDI

Það er svona yfirleitt góð regla að fara á klósettið áður en--

ADAM (O.S.)

--er það þarna úti í enda? Já WC skilti, ég sé það hérna.

Segir hann og flissar vandræðalega.

ATVINNUREKANDI

Það er út í enda. Já.

Adam brosir sínu síðasta.

HARD CUT TO:

215 **INT. BAÐHERBERGI, SKRIFSTOFA - MORNING**

215

Hurðin SKELLUR þegar hún lokast, við heyrum háan andardráttinn hans er hann nálgast vaskinn og kveikir á honum, skvettir vatni í andlitið og horfir á sjálfan sig í speglinum.

Hann losar frá bindinu og kragann á skyrtunni. Virðist vera missa andann þegar að SÍMINN hans hringir, hann tekur hann upp og svarar.

CUT TO:

216 **EXT. BÍLASTÆÐI LANDSBÓKASAFNS - MORNING**

216

Eydís labbar framhjá bílunum í átt að sínum eigin með símann uppi við eyrað.

EYDÍS
 (í símann)
 Eydís þú átt ekki eftir að trúa
 þessu... ertu búin að kíkja á
 fréttirnar í dag?

Ekkert svar.

EYDÍS (CONT'D)
 (í símann)
 Eydís...?

Í sömu orðum gengur UNGUR STRÁKUR framhjá henni og kallar á hana.

UNGUR STRÁKUR
 Mella...

Eydís snýr sér að honum og kallar til baka.

EYDÍS
 Haltu kjafti rottuungi!
 (snýr sér aftur)
 Fæðingarhálfviti.

Hún tekur aftur upp símann.

EYDÍS (CONT'D)
 (í símann)
 Halló?!

BACK TO:

217 **INT. BAÐHERBERGI, SKRIFSTOFA - MORNING**

217

ADAM
 Hvað er í gangi?! Ég get ekki
 andað...

Segir hann á meðan andardrátturinn verður tíðari.

Andlitið rauðara.

ADAM (CONT'D)
 Ég er að deyja...

Bankað á hurðina.

ATVINNUREKANDI (O.S.)
 Er ekki allt í góðu?

ADAM
 (að hurðinni)
 Jú! Flott! Byrjaðu bara á næsta!

HARD CUT TO:

218 INT. BÍLL, BÍLASTÆDI - DAY

218

Hurðin á bílnum opnast og Adam sest inn farþegamegin. Eydís situr stýrismegin í bílnum og horfir á Adam sem situr kyrr og niðurlútur.

Hún starir á hann, segir ekkert. Allt í einu springur hann út og skallar hausnum sínum aftan í höfuðpúðann, gefur frá sér kliðurhljóð.

EYDÍS
 ...já.
 (beat)
 Þannig ég ætti ekki að búast við að
 heyra frá þeim?

Beat.

Adam hristir hausinn.

ADAM
 Mér hefur aldrei liðið jafn...
 hrottalega á ævinni.

EYDÍS
 ...já þetta kemur fyrir af og til,
 hefði kannski átt að láta þig vita.

ADAM
 Já er það?!

EYDÍS
 Heyrðu þetta er bara tvennutilboð,
 þú þarft bara að sætta þig við það.
 (andvarpar)
 Erum við ekki bæði að reyna átta
 okkur á hlutunum eða?

ADAM
 Á þetta eftir að gerast oft?

EYDÍS
 ...þetta venst.

Adam hallar sér aftur.

EYDÍS (CONT'D)
 Sorrý... sorrý.

Þau lifa með þögninni í smá.

ADAM
 Og hvað? Hvernig gekk?

EYDÍS
 Fyrsta skipti sem ég keyri sem
 kona.
 (bjartari rödd)
 Og ég klessti ekki á!

Adam er ekki skemmt.

EYDÍS (CONT'D)
 Ókei djók... en... ég fann gæja,
 hann vinnur í Háskólanum.
 Stjörnufræðingur.

ADAM
 ...stjörnufræðingur?

Hann veit ekki hvort hann sé sannfærður.

EYDÍS
 Ert þú með betri hugmynd?

Segir hún og þau stara á hvort annað í samþykkingu.

219 **INT. STJÖRNUSETUR, HÁSKÓLI ÍSLANDS - DAY**

219

Allskonar skjáir með stjarnfræðilegum upplýsingum umlykja
 svæðið. Vísindaglös með búbblandi vökva og lóðir sem nýta sér
 þyngdaraflið til hags.

ADAM (O.S.)
 Ekki snerta!

EYDÍS (O.S.)
 Ókei! Slakaðu á...

220 **INT. SKRIFSTOFA, VÍSINDASVIÐ - DAY**

220

SIGGI (72) Hvíthærður maður í HVÍTUM VÍSINDAJAKKA situr
 bakvið skrifborðið sitt umkringdur PLAKÖTUM af stjörnukerfinu
 og skjalastöflum.

SIGGI
 ...já.

Adam og Eydís sitja hlið við hlið hinum megin við borðið og stara áfram, hugsa hvort þau eigi að taka mark á manninum.

SIGGI (O.S.) (CONT'D)
Þið segið það já.

EYDÍS
...jep.

SIGGI
...einmitt...

Siggi bendir á Adam.

SIGGI (CONT'D)
Svo að þú ert--

ADAM
(bendir á Eydísi)
Hún.

Siggi bendir á Eydísi.

SIGGI
Og þú ert--

EYDÍS
(bendir á Adam)
Hann.

Siggi kinkar kolli.

SIGGI
Hmm....

ADAM
Hann er ekki að kaupa þetta, eigum við að koma?

SIGGI
Ó... ég trúi ykkur. Ef það er einhver sem trúir ykkur, þá er það ég.

Adam og Eydís horfa hvort á annað.

SIGGI (O.S.) (CONT'D)
Þið eruð á réttum stað.

ADAM
Ókei, og... hvernig skiptum við til baka?

Siggi hallar sér afturábak í skrifborðsstólnum.

SIGGI

Nú... það gæti reynst smá snúið.

ADAM

Ert þú ekki stjörnufræðingurinn
hérna eða?

Siggi flissar og horfir niður í smá. Eydís gefur upp
áhyggjusvip.

SIGGI

Ef það léttir eitthvað undir ykkur,
þá get ég sagt ykkur það... að þið
eruð ekki eina tilfellið.

Adam og Eydís horfa aftur á hvort annað.

EYDÍS

Bíddu... ertu að segja að þetta
hafi gerst við einhvern annan?

Siggi kinkar kolli.

EYDÍS (CONT'D)

Hvern?

SIGGI

Fólk... þar ekki ósvipuð ykkur.
Hvort það séu... fimm til sex ár
síðan þau leituðu til mín.

ADAM

Og... hvað?

SIGGI

Nú þau sögðu mér það sama og þið,
mök undir heiðskýrum himni!

ADAM

Heyrðu þetta var nú bara koss sko,
við skulum ekki fara fram úr okkur.

Siggi setur hendurnar saman.

SIGGI

Og allt í einu...

Hann líkir svo eftir sprengingu með þeim...

SIGGI (CONT'D)

Búmm... glóandi himinn... hávaða
hvellur... og... tjah þið vitið
rest.

EYDÍS
Hvernig losnuðu þau?

SIGGI
Þau fóru með þetta í fjölmiðla, nú
að sjálfsögðu trúði þeim enginn.
(beat)
Sem síðasta úrræði þá leituðu þau
til mín...

ADAM
Og... hvað?

SIGGI
Ég sagði þeim það sem ég ætla segja
ykkur...

EYDÍS
Sem er...

Beat.

SIGGI
Það er ekkert hægt að gera.

Adam og Eydís stara á hann.

EYDÍS
... bömmur.

SIGGI
Komst svo að því seinna meir að
konan hafi labbað út í sjó...
aldrei fundist aftur. Nú maðurinn
að sjálfsögðu vitandi að hann gæti
aldrei snúið aftur í eigin
líkama... fetaði í svipuð fótspor.

Það ríkir þögn í smá. Þar til... haus Adams fellur niður á
skrifborðið, líkaminn með.

EYDÍS
Þetta er... versta... fokking saga
sem ég hef einhverntíman heyrt.

SIGGI
En... ef það er eitthvað sem mun
koma til með að endurkalla þetta,
þá er það að gera nákvæmlega það
sem þið gerðuð í gær... en þar með
sagt, er enginn leið til að vita
með vissu.

ADAM

Vita hvað...?

SIGGI

Hvenær næsti vígahnöttur
springur... og hvar það verður...

CUT TO:

221 **EXT. BÍLASTÆÐI, HÁSKÓLI - DAY**

221

Parið situr í bílnum á bílastæðinu fyrir utan í hugsi. Svipbrigði Eydísar segja okkur það að þetta hafi ekki verið góður endir á deginum, hún þurfi að finna aðra leið.

SIGGI (V.O.)

Við erum að sjá þetta gerast
þrisvar til fjórum sinnum á ári...
en að spá um tíma og stað er...
nánast ómögulegt.

(beat)

Ég get lofað ykkur því... að ég mun
gera allt sem ég get til að hjálpa
ykkur... en fyrst og fremst, þá
þurfið þið að hlúa að andlegu
heilsunni. Hún er ykkur allra
mikilvægust.

Hún dregur inn andann og kveikir á bílnum.

222 **INT. ÍBÚÐ ADAMS - DAY**

222

Í algjörum hremmingum opnast HURÐIN heima og Adam gengur inn í flýti. Það er allt á ferð, hann klæðir sig úr GALLAJAKKANUM sínum og togar BINDIÐ af sér.

Streitan í andlitinu skín í gegn er hann strunsar í áttina að herberginu sínu og gefur frá sér óværuhljóð.

Skellir svo hurðinni í andlitið á okkur.

223 **INT. HERBERGI ADAMS - DAY**

223

Hann stendur í miðju herberginu með hendurnar yfir andliti, nuddar það og gengur áfram. Sest niður á rúmstokkinn.

Hann starir áfram í tómið, vöðvarnir í andliti hans tvístrast til hins verra þar til að hann brestur í grátur. Andvörp, innsog og súrefnisleysi ná hámarki þegar að við sjáum glitta í tár.

ADAM
 (við sjálfan sig)
 Hvað er í gangi?
 (beat)
 Ég get þetta ekki... ég get þetta
 ekki lengur...

Hann situr einn með sjálfum sér þar til...

224 **INT. KARAOKE HERBERGI, IRISHMAN PUB - EVENING** 224

Við liggjum á jörðinni og sjáum hurðina opnast yfir klístraðar VIÐARFLÍSARNAR. Við þekkjum þessa skó, manneskjan gengur inn með yfirburðum og við eltum fatur hennar inn á mitt gólf.

Hún stoppar.

Í fyrirrúmi andspænis okkur er STANDUR með IPAD spjaldtölvu þar sem að KARAOKE appið er opið. Við færumst nær þar til að við komum upp að standinum, litlir fingur sem að umlykja skjáinn og velja lag.

REFERENCE SONG: DAVID - GUSGUS

Það byrjar að spilast í HÁTÖLURUNUM, herbergið myrkvast, diskóljósin birtast. Við horfum aftan á EYDÍSI sem byrjar að dilla sér.

Kokteiglasið færast upp að munnni hennar og hún sýgur GINIÐ í gegnum rörið. Tekur upp míkrafóninn, og byrjar að SYNGJA með. Alveg út úr því, við færumst í kringum hana á meðan að dópamínið lekur af henni.

MONTAGE START:

225 **INT. HERBERGI ADAMS - EVENING (INAUDIBLE)** 225

Tónlistin gengur áfram yfir næstu senur á meðan að við skiptum inn á milli í EYDÍSI SYNGJA.

Adam gengur um herbergið sitt með SVARTAN RUSLAPOKA og hendir dósunum ofan í hann. GOS, BJÓR OG SÆTIR DRYKKIR.

CUT TO:

226 **INT. ÞVOTTAHÚS - EVENING (INAUDIBLE)** 226

Dimmt. Þar til hurðin opnast, hann hendir pokanum inn.

BACK TO:

227 **INT. HERBERGI ADAMS - EVENING (INAUDIBLE)** 227

SPREYJID skvettist á vegginn og hann drífur tuskuna áfram á BLETTINN sem er í fyrirrúmi. Skrúbbar hann.

CUT TO:

Tekur svo skítugu DISKANNA, einn á eftir einum. Hver veit hvað hann var að borða á þeim.

CUT TO:

228 **INT. ELDHÚS - EVENING (INAUDIBLE)** 228

Hann þrífur diskanna með SÁPU og BURSTA.

BACK TO:

229 **INT. HERBERGI ADAMS - EVENING (INAUDIBLE)** 229

Adam rennir upp sængur- og koddaverunum á rúminu sínu og tekur þau af.

CUT TO:

230 **INT. ÞVOTTAHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - EVENING (INAUDIBLE)** 230

ÞVOTTAVÉLIN opnast, hann treður þeim inn.

Snýr ROFANUM og þrýstir á START.

MONTAGE END.

CUT TO BLACK.

FADE IN:

231 **INT. HERBERGI ADAMS - EVENING** 231

Hönd hans liggur á ný-þrifnu SÆNGURVERI. Hún færir sig niður með því og þreifar á áferðinni í leiðinni, hægir svo á sér og stoppar.

Adam liggur þvert yfir rúmið og starir á hönd sína, tilfinningalaus í andlitinu. Hvort það sé þreytan eða hvort hann sé endanlega uppgefinn.

Hann andvarpar.

DING.

Heyrist frammi í bjölluni, einhver er að *dingla*. Hann hreyfir ekki við sér, sér ekki tilganginn.

BANKBANKBANK...

Aftur... augun hans hreyfa aðeins við sér, en hann ætlar ekki að standa upp þar til...

GYÐA (O.S.)

ADAM!

Heyrist frá herberginu við hliðina á. Ekki vill hann angra ókunnuga konu, svo hann stendur upp og gengur fram.

232 **INT. GANGUR/ANDDYRI, ÍBÚÐ ADAMS - EVENING** 232

Adam gengur þvert yfir ganginn í áttina að hurðinni í anddyrinu. Stöðvar fyrir framan hana og dregur inn andann.

BANKBANKBANK.

Starir á HURÐARHÚNINN, tekur í hann og opnar.

CUT TO:

233 **EXT. GANGUR, BLOKK ADAMS - EVENING** 233

Adam starir út á gang, áttavilltur en þó forvitin.

ADAM

Uh.... halló?

BACK TO:

234 **INT. GANGUR/ANDDYRI, ÍBÚÐ ADAMS - EVENING** 234

STELPA á hans aldri gengur inn og tekur utan um hálsinn hans. KYSSIR hann heitum kossi og starir svo á hann.

STELPA

Ég er búinn að sakna þín elskan.

Hún brosir og slítur sig frá honum, bíður sjálfa sig velkomna inn og gengur í átt að herbergi hans. Stoppar svo á miðri leið.

STELPA (CONT'D)

Ertu ekki að koma.

Hann horfir upp frá gólfinu, gáttaður á því sem hafði gerst. Færir athygli sína að henni og starir í smá stund.

ADAM
Uuuuuu.....

CUT TO BLACK.

END CREDITS

G E S T I R
EPO3 - "VIÐ"

eftir
Ásgeir Sigurðsson

LJÓS Films ehf ©
asgeir@ljosfilms.is

OVER BLACK.

Við heyrum í einhverjum tikka inn á SÍMALYKLABORÐ sem að virðist ætla teygja sig fram á rauðanótt, hættir ekki.

CUT TO:

301

INT. HERBERGI ADAMS - NIGHT

301

ADAM situr uppi við RÚMBAKIÐ og starir áfram á okkur, bersýnilega óþægilegur. Augu hans leita til hliðar á meðan hann reynir að hreyfa sig sem minnst.

Niðri við kjöltuna hennar heldur hún á nýjasta IPHONE símanum og virðist vera í samskiptum við einhvern.

ADAM (O.S.)
Hérna heldurðu...

BELLA
(út í loftið)
Þú veist ekki hvað Guðrún er búinn að vera óþolandi uppá síðkastið, alltaf að flassa einhverjum díl sem hún gerði við Gifflar.

Hann ræskir sig.

ADAM
Snúðanna þá?

Bella horfir yfir.

BELLA
(hneyksluð)
Já... taka mynd með þeim í baði og eitthvað.

Adam andvarpar.

ADAM
Ekki get ég fengið þig til að hringja í símann minn?

BELLA (23), samfélagsmiðlafíkill, díva með aflitað hár horfir yfir til Adams.

ADAM (CONT'D)
Man ekki hvar ég setti hann.

BELLA
Sjá þig...

Adam yppir öxlum.

BELLA (CONT'D)
Þægur og alles.

Hún fiktar í hárinu hans og strýkur á honum andlitið.

BELLA (CONT'D)
Þú værir vanalega búinn að hoppa á mig núna.

Segir hún og horfir aftur niður á SÍMANN. Hann horfir frá og gefur frá sér ógeðssvip.

BELLA (CONT'D)
En já... ég skal hringja í hann fyrir þig.

SÍMINN hans hringir, hann horfir til hliðar að vasanum sínum þaðan sem titringurinn kemur.

ADAM
...kjáni, hann er bara í vasanum.

Segir hann og tekur upp SÍMANN þar sem að blasir við okkur MYND af þeim tveimur þar sem hún kyssir hann á kinninna. Hann starir niður á símann með andstyggðarsvip og hvíslar til sín sjálfs.

ADAM (CONT'D)
(hvíslandi)
Vodd. ðe. Fokk.

BELLA (O.S.)
Fannstann?

302

INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT

302

Hurðin SKELLIST í hremmingum á eftir honum á meðan hann heldur SÍMANUM uppi við eyrað og bíður óþolinmóður.

ADAM
(í símann)
Svaraðu...svaraðu...svaraðu...svaraðu...svaraðu!
(beat)
Ég sver í guðanna bænnum ef þú--

Skellist á. Fer í talhólf.

Adam gefur frá sér pirringshljóð.

ADAM (CONT'D)

(æsilega)

Veistu ef ég mundi allt nafnið þitt
þá myndi ég öskra það svoleiðis út
allan Kópavoginn... þú ert nú meiri
hálfvitinn, gleymdirðu kannski líka
að minnst á að þú ættir KÆRUSTU?!

Segir hann ópandi í símann.

ADAM (CONT'D)

Og hvernig er hún svona falleg?! Þú
af öllum. Meikar engan sens.

(dok)

Hringdu í mig um leið og þú færð
þetta, ókei? Um leið.

Skellir á.

CUT TO BLACK.

INTRO SEQUENCE

303

INT. HERBERGI ADAMS - MORNING

303

Adam liggur á hliðinni með sængina dregna upp við munn og
starir áfram, hefur greinilega lítið sofið.

Hann starir áfram á meðan hann bíður eftir því að Bella sofni
en finnur sömuleiðis þreifingu á sænginni sinni. Athygli hans
beinist niður að neðri hluta líkamans þar sem að HÖND Bellu
hefur komið sér þæginglega fyrir og færist í áttina að
kynfærum hans.

ADAM

Ég held ég sé ekki í stuði núna.

BELLA

Hvað meinarðu, þú ert alltaf í
stuði?

Hún heldur áfram.

ADAM

Nei það er ekki það... það er bara-

BELLA

Þarf ég ekki bara aðeins að ræsa í
flippkisanum.

Hún kemur við hann.

Hann hrekkur við og gefur frá sér óp.

ADAM
Ég þarf á klósettið.

Adam stendur upp í flýti úr rúminu og Bella horfir á eftir honum.

304 **INT. HERBERGI EYDÍ SAR, HEIMAVIST - MORNING**

304

SÍMINN hennar hringir á NÁTTBORÐINU við hliðina á, mynd af JÚLÍU framan á LOCK SCREEN. Hann hættir að hringja og við sjáum 7 MISSED CALLS í kjölfarið

Við sjáum litla rýmið hennar í allri sinni mynd, nema hvað að það er ekki jafn snyrtilegt og að vana. Skrifborðið hennar í rústi, FLÖSKUR á gólfinu og GARDÍNAN er hálf skökk þannig að ljósið leitar framhjá.

VEKJARAKLUKKAN hringir nú.

EYDÍS
Æjiiii...!

Eydís rankar við sér og gefur frá sér þynnkuhljóð, þreifar höndinni yfir náttborðið þannig að SÍMINN fellur í jörðina. Vekjaraklukkan heldur áfram og óværuhljóðin halda áfram hjá henni þar til að hún reisir sig upp við vegginn og starir áfram með klesstar kinnar.

Hún staldrar í smá á meðan hún bíður eftir skilningarvitunum, horfir niður á rúmið og sér...

STÓRAN RAUÐAN BLETT.

Eydís gefur frá sér kúgunarhljóð.

CUT TO:

RENNIHURÐIN rennur til hliðar þar sem við sjáum hönd hennar afhjúpast við jörðina. Hún skríður fram eftir gólfinu og kvænir.

305 **INT. BAÐHERBEGI, ÍBÚÐ EYDÍ SAR - MORNING**

305

SÍMINN hringir enn, Eydís svarar, leggur hann á VASKINN og svarar fyrir sig.

EYDÍS
Halló?

Júlía missir móðinn.

JÚLÍA (V.O.)

Ertu. Ekki. Að djóka í mér! Eydís?
Ég er búinn að vera reyna ná í þig
í allan morgun, afhverju ertu ekki
mætt?! Þú varst búinn að lofa að
dekkja þessa vakt fyrir mig og svo
hringir Laufey í mig alveg brjáluð
því að það er enginn mættur til að
opna búðina? Veistu þetta er svo
ólíkt þér--

Júlía heldur áfram að blaðra í bakgrunni á meðan að Eydís
stendur kyrr með hendur fyrir andlitinu og gefur frá sér
óværuhljóð.

CUT TO:

Við heyrum skrúfað frá STURTUNNI og Eydís byrjar að skrúbba
blettinn á buxunum sem hún er í.

EYDÍS

Fokkfokkfokkfokkfokkfokkfokkfokkfok
kfokkfokkfokk...

Hún hættir að skrúbba, andar títt og horfir fram.

Andvarpar.

CUT TO:

Eydís opnar SPEGLASKÁPINN og byrjar að róta í honum, hún
tekur ýmisst hitt og þetta og hendar því í niður á gólf þar
til að hún dregur fram TÚRTAPPAPAKKA og starir á hann.

Skoðar hann fram og til baka.

HARD CUT TO:

Eydís situr á klósettinu með forvitnilegan svip, SÍMINN í
höndunum fyrir framan hana og hún er með myndband á TIKTOK
sem spilast á skjánum.

KONA Á SKJÁ (V.O.)

*So... a little anatomy refresher.
We got the introitus, the clitoris,
the urethra is gonna be here just
above the introitus in the vagina.
You're gonna hold the tampon by the
base here and insert it here--*

Forvitnin dvínar því lengra sem hún horfir og hugmyndin
verður fráleitari með sekúndunni. Hún dregur upp TÚRTAPPANN
og heldur honum fyrir framan andlitið á sér á meðan að
myndbandið spilast enn í bakgrunni.

Tvíræðni í augum hennar á meðan hún ákveður næstu skref.

306

INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - MORNING

306

Hendur Adams liggja flatar á baðherbergisinnréttingunni með góðu millibili. Haus hans hangir í lausu lofti á meðan að hann starir niður á VASKINN með efasemdir í augunum, mögulega glittir í vott af sorg líka.

Hann horfir upp á sjálfan sig í SPEGLINUM og reynir að meðhöndla það sem honum hefur verið úthlutað.

Athyglin hans beinist niður að PALLETU & PÚÐRI frá móður hans. Hann hugsar sig um í smá þar til að hann opnar skúffuna fyrir neðan vaskinn og sér að hún er fyllt upp til barma af SNYRTIVÖRUM.

307

INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - MORNING

307

Á eldhúsborðinu liggur DISKUR með ristudu SÚRDEIGSBRAUÐI, AVOCADO sneiðar ofan á, SALT & PIPAR ásamt SRIRACHA sósu á meðan við heyrum í myndböndum frá samfélagsmiðlum spilast í bakgrunni.

Bella tekur upp sneiðina og fær sér bita, leggur hana svo frá sér á meðan við heyrum í ÍSKÁPNUM opnast skammt frá.

BELLA (O.S.)

Æj sjitt gleymdi ég að taka mynd?

Við sjáum hönd hans á ÍSSKÁPNUM á meðan hann leitar sér að einhverri fæðu.

BELLA (O.S.) (CONT'D)

Ertu með meik í andlitinu?

Hurðin lokast, við afhjúpum andlit Adams sem er farðað með MEIKI, AUGNSKUGGA og plokkaðar AUGABRÚNIR.

Hann horfir ósvífinn yfir til Bellu.

ADAM

...já.

(beat)

Það er 21. öldin sko... lestu bók.

Hún starir á Adam, hissa á hegðuninni en þó áhugasöm.

Hann gengur að henni með SMOOTHIE pela í höndinni og sest andspænis henni við eldhúsborðið.

BELLA
Hver er þessi nýji Adam?

ADAM
Ég var að vonast til að þú gætir sagt mér það.

BELLA
Já... ég veit eiginlega bara ekki alveg hvað ég á að segja.
(beat)
Nema bara... ekki vera fara neitt.

Adam kinkar kolli.

ADAM
Sko... mér langaði bara aðeins að nota þetta augnablik... sem við erum með hérna til þess að rýna í... okkur.
(bendir fram og til baka)
Hvað erum við að tala um? Hvað er í gangi hérna... Þússt hvað í... fokkanum... skilurðu mig?

Hún hristir hausinn hæglega.

BELLA
Uh... nei.

ADAM
Finnst þér þetta ekki vera skrítið?

BELLA
Finnst mér hvað vera skrítið...?

ADAM
...við.

Beat.

BELLA
...nei... eða þúst þetta hefur bara alltaf verið svona skilurðu, við höfum ekkert eitthvað þælt í þessu meira.

ADAM
Afhverju myndirðu vilja vera með...
(bendir á sjálfan sig)
Þessu... Þú getur svo miklu, miklu betur.

Beat.

BELLA
Ertu... að reyna gefa eitthvað í skyn?

Hún horfir á hann áttavillt.

ADAM
Ég er bara aðeins að reyna átta mig á stöðunni hérna.

BELLA
Segjum tvö...

Bella lítur aftur á símann sinn og byrjar að skrolla í gegnum myndböndin. Adam situr enn og fær sér sopa af SMOOTHIE pelanum á meðan hann hugsar um næstu skref. Í bakgrunni heldur Bella áfram að horfa á myndbönd á netinu.

Við heyrum í einu af þeim spilast, 2. STRÁKUR sem að hlægja sín á milli að einhverju sem er óljóst.

STRÁKUR 1 (V.O.)
(hlægjandi)
Hvað er að gerast maður?!

STRÁKUR 2 (V.O.)
(hlægjandi)
Voddafokk... líka afhverju er hún á karlklósettinu?

Allt í einu... heyrum við kunnuglega rödd.

Þetta er röddin í EYDÍSI nema hún er bjöguð og slepjuleg.

EYDÍS (V.O.)
Ég er karlmaður...

Bella flissar af myndbandinu í símanum, Adam verður var við röddina og horfir upp.

ADAM
Hvað ertu að horfa á?

BELLA
TikTok.

Hann stendur upp í flýti og gengur yfir að Bellu sem horfir á símann sinn.

STRÁKUR 1 (V.O.)
Ó mæ gad... hún er alveg farinn.

STRÁKUR 2 (V.O.)
 Þurfum við ekki að hringja í
 einhvern?

Við sjáum á SÍMANN sem Bella heldur á. EYDÍS liggur á
 baðherbergisgólfinu á einhverjum SKEMMTISTAÐ niðri í bæ og
 skríður á milli KLÓSETTBÁSA.

STRÁKUR 1 (V.O.)
 Jú... eftir smá.

Hún skríður að HANDÞURRKARANUM og setur tunguna út fyrir
 neðan hann þar sem hann blæs í andlitið á henni.

STRÁKUR 1 (V.O.) (CONT'D)
 Réttu henni drykkinn þinn!

Adam stendur við hlið Bellu sem flissar enn, nema hann starir
 niður með hryllingssvip og brestandi augnarráði. Trúir ekki
 því sem er að gerast fyrir framan hann.

STRÁKARNIR í myndbandinu rétta Eydísi drykk sem frussast svo
 yfir hana alla undir ÞURRKARANUM á klósettinu.

STRÁKUR 1
 Sjitturinn!

Þeir halda áfram að hlægja af henni rænulausri á gólfinu.

Við færumst nær Adami er hann starir, frosinn í augnablikinu
 á meðan hann bræðir að innan.

ADAM
 Slökktu á þessu.

Bella horfir upp á hann.

BELLA
 ...Ókei.

Hún læsir símanum á meðan hann gengur aðeins í burtu frá
 henni niður að ganginum.

ADAM
 ...ég þarf aðeins að skreppa.

BELLA
 Ókei... hvenær kemurðu aftur?

Adam staðnæmist á leiðinni út, horfir til baka.

ADAM

Ég er lítill skíthæll, ömurlegur fáviti sem er að halda framhjá þér þannig ég held það væri bara best ef þú myndir taka það sem þú átt og fara áður en ég kem aftur. Þetta hefði aldrei átt að gerast, en ekki kenna sjálfri þér um.

(beat)

Og ég myndi kíkja upp á húð og kyn, ég er með bullandi flatlús. Sorry.

Segir hann og brosir kvikindislega áður en hann gengur burt.

Bella situr eftir við borðið og horfir á eftir honum með tár í auganu, engu nær.

BELLA

...ha?

HARD CUT TO:

308 **EXT. BÍLASTÆDI, ÍBÚÐ ADAMS - MORNING** 308

Adam gengur rösklega niður götuna og í átt að bílnum sínum með drápssvip á andlitinu. Við eltum hann alla leið þar til að hann opnar hurðina og sest inn.

309 **INT. BÍLL ADAMS, BÍLASTÆDI HEIMA - MORNING** 309

Hurðin lokast og í leiðinni reynir hann að bæla sig niður. Hann byrjar að flissa sem þróast hægt og rólega yfir í hysterískan hlátur þar til að hann byrjar að öskra og SLÁ í stýrið.

HARD CUT TO:

310 **INT. AFGREIÐSLUBORÐ, SKÓBÚÐ - MORNING** 310

Það er hljótt inn í búðinni og róleg tónlist í kerfinu.

Júlía starir með undraverðum svip yfir búðina í átt að Eydísi sem stendur í ELDRAUÐUM BUXUM og er að aðstoða viðskiptavin við að finna SKÓ. Hún heldur á kassa sem hún missir svo á gólfíð.

Júlía heldur áfram að stara, augabrúnir hennar gleikka fyrir vikið.

311 **INT. BÍLL ADAMS, GATA - MORNING** 311

Adam þrýstir inn stýrinu og flautar á þann sem er fyrir framan, einu sinni og svo aftur þar til að bifreiðin fyrir framan keyrir af stað.

312 **INT. SKÓBÚÐ - MORNING** 312

VIÐSKIPTAVINUR

Áttu til þessa í 38?

Eydís stendur við hillurnar með viðskiptavini og reynir að aðstoða hann eftir bestu getu.

EYDÍS

Þrjátíu og átta... þrjátíu og átta... þá... ertu þá að tala um--

VIÐSKIPTAVINUR

Skóstærð?

EYDÍS

Já... ég átta mig alveg á því ég er bara að reyna átta mig á þessu konsepti.

313 **EXT. BÍLASTÆÐI, SKÓBÚÐ - MORNING** 313

Bíllinn hans Adams keyrir upp að SKÓBÚÐINNI með hraði og snarhemlar í stæði beint fyrir utan. Hann opnar bílhurðina og gengur út úr honum í átt að búðinni.

314 **INT. SKÓBÚÐ - MORNING** 314

Verslunarhurðirnar dragast í sitthvora átt og afhjúpa andlitið á Adami sem stendur og starir inn. Hann gengur áfram og við heyrum í BJÖLLUNNI fyrir ofan innganginn sem að býður hann velkominn inn.

Við horfum í átt að búðinni og nálgumst afgreiðsluborðið þar sem Júlía stendur og horfir til Adams, brosir.

JÚLÍA

Góðan daginn, get ég aðstoð--

Júlía kannast við hann.

ADAM

--Bara að skoða, takk.

Hún horfir á eftir honum.

JÚLÍA
Ekki málið...

Við bíðum í smá með henni á meðan Adam labbar framhjá og lengra inn.

Far til að...

EYDÍS (O.S.)
Á!

Hremmingarnar dynja yfir.

EYDÍS (CONT'D)
Ái!

Við heyrum í STAFLA af KÖSSUM falla til jarðar eins og einhverjum hafi verið hrint á þá. Júlía horfir til hliðar í átt að látunum og sér skelfingu afhjúpast.

ADAM (O.S.)
Ertu að reyna að eyðileggja lífið mitt?! Ha?!

EYDÍS (O.S.)
Slepptu mér!

Júlía hleypur framhjá afgreiðsluborðinu og í átt að athæfinu sem stendur enn í gangi, reynir að slíta Adam og Eydísi í sundur sem liggja á gólfinu í miðjum klíðum.

JÚLÍA
Slepptu henni!
(við viðskiptavini)
Ekki standa bara þarna hjálpiði okkur!?

Viðskiptavinirnir slást í leikinn og byrja að reyna stoppa athæfið á meðan að Júlía hleypur aftur á bakvið afgreiðsluborðið og tekur upp VINNUSÍMANN.

JÚLÍA (O.S.) (CONT'D)
Já góðan daginn það er einhver maður sem strunsaði hérna inn og er byrjaður að ráðast á fólk!

CUT TO:

Adam og Eydís liggja á gólfinu og rúlla hvert á annað á meðan þau reyna klípa og meiða hvort annað.

EYDÍS
Leyfðu mér að vinna í friði!

ADAM
Þetta er mín vinna!

EYDÍS
Ái! Slepptu mér! Hvað er að þér!

ADAM
Hvað er að þér! Við vorum búin að gera díl!

EYDÍS
Þetta er ósanngjarn, það er ég sem er á túr, ekki þú!

ADAM
Þú varst búinn að lofa og þú sveikst mig helvítis tussan þín! Ég drep þig!

Annar maðurinn sem stendur inni í versluninni tekur Adam og nær að draga hann af Eydísi.

ADAM (CONT'D)
Neineineineineinei! Slepptu mér!

Eydís sest upp á meðan að það er dregið hann í burtu.

EYDÍS
Þú veist ekkert hvað ég er búinn að ganga í gegnum!

ADAM
Heldurðu að mér sé ekki drullu sama!

Segir hann á meðan hann er dreginn eftir búðarganginum.

EYDÍS
Þú veist ekki neitt! Ekki neitt!

Adam FOKKAR á hana á leiðinni út.

HARD CUT TO:

315 **EXT. BÍLASTÆÐI, SKÓBÚÐ - MORNING**

315

Lögreglumaðurinn klárar að setja HANDJÁRNIN á Adam og þrengir að þeim.

Adam starir niður á malbikið í sama augnablikinu þar til að hann heyrir hurðin opnast, hann lítur yfir öxlina í átt að Eydísi sem stendur fyrir utan ásamt Júlíu.

ADAM

Erum við þá ekki kvitt?

Afturhurðin á LÖGREGLUBÍLNUM opnast og við sjáum Adam leiðbeint inn í bílinn. Eydís horfir á eftir honum með vott af samviskubiti í andlitinu.

316

INT. KAFFISTOFA, SKÓBÚÐ - MORNING

316

Júlía krýpur uppi við Eydísi á meðan hún býr um bólguna með klaka og grisju. Hún horfir upp til Eydísar sem situr við KAFFIBORÐIÐ með PAPPÍR uppi í nösinni.

JÚLÍA

Ætlarðu kannski að segja mér hvað er í gangi?

(beat)

Kom eitthvað uppá? Var þetta ekki gæjinn?

EYDÍS

Ég hef aldrei tekið eftir því hversu falleg þú ert.

JÚLÍA

Eydís!?

EYDÍS

Hvað?

JÚLÍA

Segðu mér! Er hann að *stalka* þig?

Eydís hristir hausinn.

JÚLÍA (CONT'D)

Lamdi hann þig?

EYDÍS

Neibb.

Júlía tekur grisjuna í burtu.

JÚLÍA

Hvað er þá í gangi?

EYDÍS

Veistu, ef ég myndi segja þér það að þá myndirðu ekki trúa mér.

JÚLÍA

Reyndu.

Beat.

EYDÍS
Ég er ekki Eydís.

JÚLÍA
...ókei.

EYDÍS
Ég heiti Adam og þetta er fyrsta
skiptið sem ég hittir þig.
(beat)
Ég veit ekki einu sinni hvað þú
heitir.

JÚLÍA
Júlía.

Eydís vinkar henni.

EYDÍS
Nú veit ég ekki alveg hvernig
hlutunum var háttað en eins og það
hljómaði þá varst það þú sem
þrýstir henni á þetta deit með mér.

Júlía ypptir öxlum.

EYDÍS (CONT'D)
Allaveganna... við förum heim
saman... jaríjaríjarí og þegar að
við vöknuðum morgunin eftir vorum
við búin að skipta um líkama.
(beat)
Þannig að... já.

Beat.

JÚLÍA
Eydís ég er búin að sjá myndbandið,
ég veit að þú fórst út í gær.

EYDÍS
Myndband? Hvaða myndband?

Júlía stendur upp og gengur áfram í átt að útgangnum.

JÚLÍA
Ég veit að þetta er bara einhver
afsökun fyrir að hafa sofið yfir
þig, og... mér finnst það ekki kúl.

Hún opnar hurðina að kaffistofunni.

JÚLÍA (CONT'D)
Þú ert hugmyndarík samt, ég skal
gefa þér það.

Og lokar á eftir sér.

Eydís situr ein eftir við borðið.

EYDÍS
...þú spurðir.

317

INT. SKRIFSTOFA, LÖGREGLUSTÖÐ - DAY

317

RANNSÓKNARLÖGREGLUMÆÐURINN klárar að tikka inn á lyklaborðið, færir sig svo að kaffibollanum og sötrar á honum í smá. Adam situr hinum megin við skrifborðið með kámaða förðun fyrir neðar augun, starir niður.

RANNSÓKNARLÖGREGLUMÆÐUR
Jájajá, þú segir það.

Adam horfir upp.

RANNSÓKNARLÖGREGLUMÆÐUR (CONT'D)
Það getur verið vesen á þessum
konum get ég sagt þér, ég veit það
allra manna best, en við verðum að
haga okkur í samræmi við lögin.
(hvíslandi)
Þó að það getur verið freistandi að
gera þvert á móti.

Segir hann og flissar.

RANNSÓKNARLÖGREGLUMÆÐUR (CONT'D)
Þú ert heppin í þetta skiptið, því
hún ætlar ekki að leggja fram kæru.
Flottur strákur eins og þú, hreint
sakarvottorð... við eigum ekki að
láta svona klunnaskap stjórna okkur
er það?

Adam starir, segir ekkert. Maðurinn hallar sér fram á borðið, og setur olnboga fram.

RANNSÓKNARLÖGREGLUMÆÐUR (CONT'D)
(varkár)
Bara af forvitni... ertu...
(beat)
Ertu nokkuð svona "hán"?

Adam starir enn.

ADAM

Ert þú svona "hann"?

Rannsóknarlögreglumaðurinn hallar sér aftur í stólinn.

RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR

Hvað segirðu, eigum við ekki bara að slúttu þessu.

318 **EXT. BÍLASTÆÐI, SKÓBÚÐ - DAY** 318

Bíllinn stendur ennþá ósnertur fyrir utan búðina, ljósin blikka og Adam gengur upp að honum.

Sest inn.

HARD CUT TO:

319 **INT. ANDDYRI, ÍBÚÐ ADAMS - DAY** 319

Hurðin að anddyrinu opnast og Adam gengur inn, hann klæðir sig úr skónum og yfirhöfn, leggur það frá sér og staðnæmist.

Horfir í kringum sig, áttavilltur, brostinn. Við sjáum að hann heldur á fitugum BRÉFPOKA, bersýnilega frá skyndibitastað.

HARD CUT TO:

320 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - DAY** 320

Adam situr við ELDHÚSBORÐIÐ og starir áfram á máltíðina sem hann hefur komið fyrir á disknum fyrir framan sig. HAMBORGARI, FRANSKAR, KOKTEILSÓSA & GOS.

Hann starir á matinn og íhugar að taka bita en eitthvað heldur honum aftur af sér. Hann andvarpar og snýr haus yfir öxl í átt að ganginum frammi.

Starir.

321 **INT. HERBERGI GYÐU, ÍBÚÐ ADAMS - DAY** 321

Adam hallar hurðinni áfram og við sjáum augu hans líta í gegnum rifuna sem myndast. Hann gægjist inn í herbergið án þess að láta á sér bera.

Við sjáum MÓÐUR hans liggja í rúminu sofandi, hefur verið það í allan dag og mögulega lengur.

Hann starir niður á gólfið íhugull.

322 **INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - DAY**

322

Við horfum aftan á Adam sem að starir áfram á spegilinn. Hann togar upp BOLINN sem hann er í og fer úr honum.

Starir enn.

Hann horfir svo niður á brjóstkassann sinn og byrjar að þreifa á honum, hárunum sem standa út og öllu sem hann er óvanur. Fer undir handarkrikan og þreifar á honum, finnur lyktina.

CUT TO:

Tærnar hans standa á gólfinu, hann beygir á sér hnén og við sjáum NÆRBUXURNAR hans falla til gólfs. Hann gengur að sturtunni og skrúfar frá.

Leyfir vatninu að renna.

HARD CUT TO:

323 **INT. HERBERGI ADAMS - EVENING**

323

Adam situr við brúnina á rúminu sínu, ber að ofan og starir út í tómið. Við horfum niður á hann og sjáum herbergið í allri sinni mynd, hreinna en að vana en þó er einhver óreiða í loftinu.

Síminn hans sem stendur á náttborðinu HRINGIR, hann horfir yfir á það og íhugar í smá, tekur upp símann og leggur hann upp að eyranu.

ADAM
(lágróma, í símann)
Þú sveikst mig.

EYDÍS (V.O.)
Fyrirgefðu.

Beat.

EYDÍS (V.O.) (CONT'D)
Fyrirgefðu.
(beat)
Ég er búinn að vera reyna finna leið til þess að--

ADAM
 (lágróma)
 --hvað er í gangi?
 (í símann)
 Afhverju líður mér svona?

Beat.

EYDÍS (V.O.)
 Þetta verður allt í góðu.

ADAM
 (lágróma, í símann)
 Afhverju líður mér... eins og... ég
 vilji ekki vera hérna?

EYDÍS (V.O.)
 Þetta kemur og fer.
 (beat)
 Þú verður bara að þrauka.

ADAM
 (lágróma, í símann)
 Afhverju langar mig að deyja?

EYDÍS (V.O.)
 Það er ekki þitt að ákveða.

ADAM
 (í símann)
 Mig langar ekki að líða svona.
 (beat)
 Hvernig geturðu látið þetta hætta?

Beat.

EYDÍS (V.O.)
 Ég veit það ekki.

ADAM
 (í símann)
 Það er eitthvað í gangi hérna,
 afhverju eru allir að haga sér
 svona skringilega?

Beat.

EYDÍS (V.O.)
 Ég--

ADAM
 (í símann)
 Mig langar til baka, að allt verði
 eins og það var.

EYDÍS (V.O.)

Það eru sumir hlutir sem ég á eftir
að segja... hlutir sem ég--

(beat)

Ef þú leyfir mér að koma yfir, og
gefur mér tækifæri, þá skal ég
útskýra allt... ég lofa.

324 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - EVENING**

324

Við færumst inn að HILLUNNI sem stendur yfir
eldhúsinnréttingunni. MYNDARAMMI af tveimur strákum, annar
þeirra er Adam sem að heldur utan um yngri einstakling, líkur
sjálfum sér.

Þeir stara báðir í áttina að okkur.

EYDÍS (V.O.)

Ég lofa.

CUT TO BLACK.

END CREDITS

G E S T I R
EP04 - "HEIMPRÁ"

eftir
Ásgeir Sigurðsson

LJÓS Films ehf ©
asgeir@ljosfilms.is

401 **INT. HERBERGI ADAMS - NIGHT**

Tungsljósið skín inn um gluggann á herberginu, við horfum niður á ADAM sem liggur í rúminu hálf-nakinn. Skrifborðið er hreint, ekkert er um dósir né rusl í návist hans.

Ólíkt honum.

SUPER: 6 MÁNUÐUM FYRIR VÍXL

Hann rankar við sér um MIÐJA NÓTT, á greinilega erfitt með að sofa. Adam reisir sig við og sest á rúmstokkinn, leyfir tungsljósinu að næra líkamann í smá á meðan hann nær áttum.

MATCH CUT TO:

402 **INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Adam situr á KLÓSETTINU með nariurnar fyrir neðan hné. Hann horfir í kringum sig og teygir hendurnar í SJAMPÓFLÖSKU sem liggur á baðinnréttingunni. Byrjar að lesa á hana.

CUT TO:

Hann kveikir á KRANANUM og leyfir vatninu að leka í lófann. Skvettir því svo í andlitið og nuddar, horfir í gegnum fingurna á lófanum á sjálfan sig í speglinum.

Skrúfar svo frá.

403 **INT. GANGUR, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Við bíðum handan hornsins þar til að Adam labbar framhjá því og í átt aftur að herberginu sínu, hann staldrar við, horfir í átt að eldhúsinu.

Undarlegt hljóð sem kemur þaðan, hljóð sem verður minna varkært. Við heyrum í skúffum sem opnast til hægri og vinstri, greinilegt að einhver sé að gramsa í þeim.

Alvarleiki umlykur augu hans.

404 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Skúffurnar í eldhúsinu eru fullar af allskonar drasli, HEFTARA, GÖMLU KENNARATYGGJÓI og nokkrum TÍKÖLLUM. ELVAR (20) strákur með KRULLAÐ HÁR, Í ÞYKKUM JAKKA og Í GALLABUXUM horfir einbeittur niður á meðan hann reynir að finna það sem hann leitar að.

ADAM (O.S.)
Góða kvöldið.

Elvari bregður, hann hættir að gramsa og horfir upp, þó ekki til bróður síns heldur beint áfram, vitandi að honum hefur mistekist.

ADAM (O.S.) (CONT'D)
Eða góða nótt kannski?

Adam stendur bakvið hann í eldhúsinu, ber að ofan og starir á Elvar sem var gripinn glóðvolgur.

ADAM (CONT'D)
Hvað ertu að gera hérna?

Elvar snýr sér við.

ELVAR
Þetta er líka mitt heimili...

ADAM
(flissar)
... ég held að það sé búið að svipta þig þeim réttindum, sennilega síðast þegar þú komst hingað að stela. Eða þar síðast þegar þú braust inn, þetta fellur allt í eitt.

Elvar veit upp á sig sökina.

ADAM (CONT'D)
Og við erum jú að sjálfsögðu búin að taka peninginn sem var þarna... sérstaklega á þeim stöðum sem þú myndir leita.

Adam andvarpar.

ADAM (O.S.) (CONT'D)
Þannig að ég spyr aftur... hvað ertu að gera hérna?

ELVAR
Ég er ekki að leita að pening.

ADAM
Nei einmitt, bara heimsókn sem sagt? Klukkan fjögur um nótt.

Beat.

ELVAR
Hvar er mamma?

ADAM
Hvar heldur þú?

ELVAR
Leyfðu mér að tala við hana.

ADAM
Elvar...

ELVAR
Leyf mér að--
(hik)
Þetta er ekki það sem þú--

ADAM
-- jú víst Elvar... hvað erum við
búnir að gera þetta oft?! Hvað á ég
að þurfa segja þetta við þig oft?

ELVAR
Þau ráku mig út...

Beat.

ADAM
Kjaftæði.

ELVAR
Nei... hvað heldurðu að ég sé að
ljúga að þér?

ADAM
Þá hlýturðu að hafa gert eitthvað
af þér.

Þá rýkur í Elvar.

ELVAR
Hvað veist þú?! Heldurðu að þeim sé
ekki drullusama um fólk eins og
mig!? Ég er bara einhver tala í
Excel fyrir þeim... það er ekki
pláss fyrir neinn... neinsstaðar.

ADAM
Áttu ekki einhverja vini sem þú
getur--

ELVAR
-- Nei...

Adam blæs út lofti, snýr hausnum í hring.

ADAM
Díses Elvar...

ELVAR
Mig vantar bara eitthvað smá til að
halda mér á floti í... nokkra daga.

ADAM
Elvar, það er ekkert hérna. Hver
heldurðu að við séum?

ELVAR
Leyfðu mér bara að tala við--

ADAM
Nei... nei kemur ekki til greina.
Ég skal skutla þér til baka.

Elvar missir sig.

ELVAR
Hvert til baka?! Ertu ekki að
hlusta á mig?! Það er ekki neitt
til baka?!

Adam starir á bróðir sinn. Ljósið kviknar á bakvið hann,
skammt frá eldhúsinu.

GYÐA (O.S.)
Halló?! Hvað er í gangi?!

Gyða bindir SVEFNSLOPPINN og gengur að eldhúsinu. Sér SYNI
sína tvo standa á móti hvorum öðrum.

Þeir horfa báðir til hennar.

Hún starir til baka.

CUT TO BLACK.

INTRO SEQUENCE

405

INT. STOFA/ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT

Við horfum áfram á SJÓNVARPIÐ sem fast er á veggnum inni í
stofu. Teiknaðir þættir af einhverjum toga á NETFLIX sem
lýsir upp daufa stofuna.

Elvar hallar sér áfram að STOFUBORÐINU og leggur hendur á ný-grilluðu SAMLOKUNA sem liggur á disknum fyrir framan hann, smá PIK-NIK á hliðinni og KÓKGLAS einnig. Hann fær sér bita og hallar sér aftur á meðan hann fylgist með sjónvarpinu.

Skammt frá, fyrir bakvið EYJUNA í eldhúsinu standa Gyða og Adam, hlið við hlið og stara á fjölskyldumeðliminn.

Adam andvarpar.

ADAM

(við Gyðu)

Ég þarf að mæta í vinnuna í
fyrramálið, ég hef ekki tíma í
þetta kjaftæði.

GYÐA

Ég ætla láta hann hafa tíu þúsund.

Adam horfir mömmu sína alvarlegum augum.

ADAM

Nei... nei mamma það gerir þú ekki.

GYÐA

Bíddu, bíddu síðan hvenær skipar þú
mér fyrir? Þetta eru mínir
peningar.

ADAM

Mamma ertu ekki að-- þú veist
nákvæmlega hvað er að fara gerast.

GYÐA

Adam, hann er sonur minn og ég ætla
að gera þetta fyrir hann?

ADAM

Er ég ekki sonur þinn eða?

Hún staldrar, hann snýr sér betur að henni.

ADAM (CONT'D)

Hlustaðu á mig mamma... ég er að
biðja þig.

GYÐA

Hvað viltu að ég geri? Á ég að
sitja og horfa hjá þegar hann þarf
á mér að halda?

Adam heldur sér aftur.

ADAM

Hvað eigum við að þurfa gera þetta oft? Þú þarft ekki að gera þetta svona erfitt... í hvert einasta skipti.

GYÐA

Ég er að gera það sem er best fyrir hann.

Adam hristir hausinn, flissar.

ADAM

Nei, þú ert einmitt að gera þvert á móti.

Hann snýr sér við og gengur burt.

ADAM (O.S.) (CONT'D)

Ekki segja svo að ég hafi ekki varað þig við...

Móðir hans horfir frá Adami og yfir á hinn son sinn sem situr enn við borðið og klárar samlokuna.

Tekur inn andan.

GYÐA

(við Elvar)

Þú þarna!

Elvar horfir yfir á móðir sína.

GYÐA (CONT'D)

Í sturtu með þig...

(flissandi)

Þú lyktar illa.

Elvar flissar og tekur lokabitan af samlokunni.

406

INT. BAÐHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT

Skrúfað frá BLÖNDUNARTÆKINU í sturtuklefanum. Gufan frá sturtunni tekur að umlykja baðherbergið hægt og rólega. Föt hans liggja á gólfinu, ofnotaður BASEBALL JAKKI og yfirstórar GALLABUXUR.

Elvar stendur hallandi með hendurnar upp að veggnum og leyfir dropunum að skola bakið á sér. Við sjáum andlit hans sem hefur þolað áverka, lokuð augun, hver veit hvað gengur á í hausnum.

Hann tekur inn andann og lyftir andlitinu upp að sturtuhausnum. Engin átök, í smá stund allavega.

407 **INT. GESTAHERBERGI, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Móðir Elvars dregur SÆNGINA yfir líkama hans og breiðir yfir hann. Lampinn við náttborðið er eina uppspretta ljóss sem tengir þau tvö saman. Hann starir á móður sína frá rúminu, hún til baka.

ELVAR

Sorry.

Hún færir hönd sína að hári hans, nuddar á honum kollinn.

GYÐA

Farðu að sofa elskan.

Hann ruggar hausnum sínum á meðan Gyða skynjar aðra nærveru. Hún horfir að dyragáttinni og sér Adam standandi fyrir utan í myrkrinu. Adam starir inn á þau tvö, og í augnablikinu hugsar hann að hlutirnir gætu orðið eins og þeir voru.

HARD CUT TO:

408 **INT. HERBERGI ADAMS - NIGHT**

Adam lokar á eftir sér og sest á rúmið. Hann dregur inn andann og nuddar á sér andlitið, undirbýr sig fyrir það sem er framundan.

409 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - MORNING**

Við horfum út um ELDHÚSGLUGGANN og færumst aftur inn í eldhúsið framhjá DISKAREKKANUM þar sem að Adam grípur eina skálina.

CUT TO:

Hann hrærir í SERÍÓSINU og fær sér bita, reynir að púsla saman deginum fyrir sér.

ELVAR (O.S.)

Hvernig svafstu?

Heyrist fyrir bakvið hann. Elvar sest andspænis honum við matarborðið.

ADAM

Síðan hvenær vaknaðir þú fyrir hádegi?

ELVAR

Síðan núna.
(flissar)
Djók.

Adam horfir á bróðir sinn með augljósri gremju.

Elvar býr til TVÆR MANNESKJUR úr puttunum sínum og dregur þær meðfram borðinu. Adam starir á hann.

ELVAR (CONT'D)

Ég og þú... ég... og þú... þæld'í því.

ADAM

Hættu.

ELVAR

Við gætum sigrað heiminn við tveir,
þú veist það.
(beat)
Almarssynir.

ADAM

Já finnst þér það?

ELVAR

Já...

ADAM

Og hvernig eigum við að fara að því, bara svona gróflega?

ELVAR

Hvað með gamla verkstæðið hans pabba?

(O.S)

Getum gert það upp, það er svo mikið að drasli þarna úti sem maður þælir ekki einu sinni í. Þú getur séð um reksturinn og ég skal--

Adam grípur frammí fyrir honum, gefur eftir.

ADAM

--ég hringdi nokkur símtöl fyrir þig í morgun, til fólks sem ég þekki. Þau ætla taka þig í viðtal á eftir, hafa hjálpað mikið af fólki, hjálpuðu pabba.

Elvar flissar.

ELVAR

Hvernig fólk erum við að tala um?

ADAM

Fólk sem kemur í veg fyrir að þú
brjótist inn til dæmis, eða stelir,
fólk sem kemur þér á beinu
brautina.

ELVAR

Ekki segja mér að þetta sé ein af
þessum stofnunum...

Adam starir hornauga.

ELVAR (CONT'D)

...Ókei... þú ert að reyna hjálpa,
ég veit.

(beat)

Lofa.

Adam kinkar kolli.

ADAM

Ég skutla þér áður en ég fer í
vinnuna.

Segir hann og tekur upp skálina sína, stendur upp og gengur
frá borðinu.

ELVAR

(muldrar)

Skulda þér.

Elvar kinkar kolli og brosir á eftir bróðir sínum, vitandi að
hann skuldar honum meira en það. Við sjáum skálina hans Adams
lenda í VASKINUM. Hann kveikir á krananum og vatnið skolar í
burtu morgunkornsleifarnar.

410 **INT. BÍLL ADAMS, Á FERÐ - MORNING**

ILMFLASKAN ruggar á baksýnisspeglinum í takt við hraða
bílsins, við heyrum véla- og dekkjahljóðin frá veginum. Adam
situr við stýrið og keyrir á meðan að bróðir hans situr
farþegameginn og horfir út um gluggann.

411 **INT. BÍLL ADAMS, BÍLASTÆÐI - MORNING**

Adam horfir niður í smá, fer svo í vasann sinn og réttir
Elvari 20. ÞÚSUND KALLINN sem hann dregur upp.

ADAM

Þetta er frá mömmu, bara svo þú
vitir hversu mikið þú skiptir hana
máli.

(beat)

Og bara svo það sé á hreinu að þá
það ég hana sérstaklega um að gefa
þér þetta ekki.

Elvar tekur við peningnum, kinkar kolli.

Byrjar svo smám saman að bresta.

ELVAR

Þetta átti aldrei gerast.

(beat)

Ekki svona allavega.

ADAM

Ég veit.

Elvar brestur saman, andlit hans rödd.

ELVAR

(grátandi)

Ég vill ekki vera svona... ég valdi
þetta ekki--

ADAM

--Elvar... Elvar horfðu á mig.

Adam grípur í hnakkann á honum og dragur Elvar að sér, færir
hann upp að enni sínu og heldur honum fast.

ADAM (CONT'D)

Þetta er búið að vera erfitt, ég
veit. Ég veit það

(beat)

En ég elska þig, við elskum þig,
það er ekkert að fara breyta því.
En þú getur ekki haldið áfram að
gera okkur þetta.

(beat)

Gera sjálfum þér þetta, ókei?

Elvar kinkar kolli.

ADAM (CONT'D)

Gerðu það sem þú sagðist ætla gera,
farðu og sigraðu heiminn. Fyrir
okkur. Ekki klúðra þessu.

(beat)

Þá fyrst getum við skoðað það sem
við töluðum um.

Hann sleppir Elvari sem staldrar við í smá en opnar svo hurðina og gengur út. Adam situr eftir með tårin í augunum, hallar sér aftur á bílpúðann í hugsni.

412 **INT. ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Allt er hljótt, nóttin er komin aftur. Við sjáum þá hluta íbúðarinnar sem við höfum ekki séð áður. Heimasíminn hringir í bakgrunni.

Skammt frá heyrum við hljóð, einhver er að klæða sig í skó.

413 **INT. ANDDYRI, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Elvar sveigir sér í gegnum útidyrhurðina og staldrar við fyrir utan. Í gegnum rifuna sjáum við glitta í andlit hans hugsni, sekúndubrot, hann hefur tekið ákvörðun.

Hann lokar á eftir sér.

Aðeins of hart.

414 **INT. HERBERGI ADAMS - NIGHT**

Adam hrekkur upp úr miðjum svefni, gefur frá sér stunu og snýr sér í rúminu.

415 **INT. GANGUR/ELDHÚS/STOFA, ÍBÚÐ ADAMS - NIGHT**

Adam gengur út úr herberginu sínu og staðnæmist fyrir utan það, horfir í kringum sig eins og rannsóknarmaður á vettvangi. Hann gengur í átt að innganginum og horfir yfir að KOMMÓÐUNNI í anddyrinu.

Við sjáum að LYKLASKÁLINN hefur hvolfist á hliðina og MUNIR úr henni dottið niður á gólf.

ADAM
(lágróma)
...andskotinn.

Hann gengur fram, í áttina að stofunni og horfir í kringum sig í miðju móðursýkiskasti. Vélarhljóðin bergmálast fyrir utan, hann færir sig að glugganum og horfir út um hann, sér BIFREIÐ móður þeirra keyra í burtu.

ADAM (CONT'D)
Andskotinn!

Adam snýr sér við í flýti og gengur niður ganginn.

ADAM (CONT'D)

Mamma!

Hraðar.

ADAM (CONT'D)

Mamma! Hann er farinn! Hann tók
bílinn þinn!

(beat)

Mamma!

Hann nálgast hurðina hennar og BANKAR ákaflega.

HARD CUT TO:

416 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - MORNING**

Á HILLUNNI fyrir ofan eldhúsinnréttinguna standa nokkrir myndarammar. Sá fremsti blasir við okkur með mynd af þeim bræðrunum úti að borða, með hendurnar utan um hvorn annan og brosa í áttina að okkur.

Í bakgrunninum heyrum við allt aðra mynd, Adam talar í símann og lýsir BÍLNUM við lögregluna.

ADAM (O.S.)

D--Z--U--17... já... Gyða. Brúnn

BMW. Ljósbrúnn.

(hendur á enni)

Ókei... já, takk.

Við heyrum í honum skella á.

CUT TO:

Adam andvarpar og hallar sér aftur að vaskinum í eldhúsinu, horfir upp að hillunni, starir á MYNDARAMMANN frá fjarska.

GYÐA (O.S.)

Hann skilar sér.

(beat)

Ég þarf hvort sem er ekki að nota hann, allavega ekki á næstunni.

Segir Gyða sem situr í sófanum og klárar SÍGARETTUNA sína, Adam starir á hana frá eldhúsinu með eldrauðu augnarráði. Byrjar svo að flissa, horfir niður og hlær.

GYÐA (CONT'D)

Hvað er ekki allt í góðu?

Hann hægir á sér.

ADAM
Hjá mér eða þér?

Hún starir.

ADAM (CONT'D)
Hversu oft var ég búinn að segja
þetta? Hversu oft var ég búinn að
vara þig við?

Hún segir ekkert, tekur annan smók. Hann byrjar að ganga í
áttina að henni.

ADAM (CONT'D)
Hversu. Oft?
(beat)
Geturðu ekki séð að þetta er þér að
kenna?!

GYÐA
Adam!

Segir hann og staldrar fyrir framan hana, sófann og
sígarettustubbinn.

Adam missir þráðinn.

ADAM
Hvenær ætlarðu að byrja að hlusta á
mig?! Ha?!
(bendir á sjálfan sig)
Hlusta á MIG!

Henni bregður við athæfið.

ADAM (CONT'D)
Ég hef aldrei hitt meðvirkari
manneskju á ævi minni.

GYÐA
Ekki byrja...

ADAM
Og veistu hvað ég held?

Hún starir enn.

ADAM (CONT'D)
Ég held að þú hafir ekki einu sinni
reynt að hjálpa honum. Ég held...
að þú hafir bara verið of fokking
upptekin af sjálfri þér til þess að
takast á við afleiðingunum.
(róar sig)
(MORE)

ADAM (CONT'D)
 Hefðirðu bara hlustað á mig... þá
 værum við ekki að eiga þetta
 samtál.

Beat.

GYÐA
 Ertu búinn?

Og í þessum orðum þá áttar Adam sig á því að hann muni aldrei
 ná til hennar aftur, að hún muni aldrei líta í annan en eigin
 barm.

Adam starir móðir sína niður, gefst svo upp.

HARD CUT TO:

417 **EXT. GRAFARVOGUR/GELDINGANES - DAY (INAUDIBLE)**

Við horfum framhjá yfirborði sjávarins að hverfinu sem
 stendur á bakvið. Esjan í allri sinni dýrð teygir sig frá
 firðinum og inn að höfuðborgarsvæðinu. Fjaran í Geldinganesi
 er umlukin svörtum sandi. Klettarnir fyrir ofan eru þaktir
 stráum sem feykjast með haustvindinum.

Huglægir tónar blandast saman við landslagið, náttúruna og
 varpa fram andrúmslofti sem við ættum ekki að kannast við.

418 **EXT. GELDINGANES, GRAFARVOGUR - DAY (INAUDIBLE)**

Urð og grjót liggja þvert yfir VEGINN sem tengir eyjuna saman
 við þéttbýlið. Við færumst meðfram honum, framhjá sandinum og
 vatninu, HOLTASÓLEYNNI sem liggur við brúnina.

Við drögumst nær, sjáum BLÁ LJÓS sem blikka og endurspeglast
 af sandinum, verða bjartari og bjartari þar til að við sjáum
 LÖGREGLUBÍL á endanum. Hann stendur við hlið bílsins sem
 leitað er að.

Bíllinn hennar GYÐU.

CUT TO:

PÚSTURÖRIÐ á bílnum hefur verið teipað fast. Hanskar
 lögregluþjónsins erfiðast við að losa það af. Hann rífur það
 aftar þar til að SLANGAN sem föst hefur verið við, losnar.

CUT TO:

Afturglugginn er opin með rifu, GUL SLANGAN leiðir inn um
 hann og liggur kyrr.

Þar til hún er dregin til baka.

CUT TO:

Líflausir fæturnir liggja á bílamottunni.

CUT TO BLACK.

ADAM (V.O.)
Fyrirgefðu.

419 **INT. ELDHÚS, ÍBÚÐ ADAMS - EVENING**

Adam heldur á MYNDINNI af sér og bróður sínum, þó að í ljósi aðstæðna þekkir hann ekki manninn. Hann horfir upp, og til baka á Eydísi sem stendur fyrir bakvið hann.

Eydís starir á hann.

ADAM (O.S.)
Þannig að þessi sorg...

Hún kinkar kolli, svarar með svipbrigðunum.

Adam reisir myndarammann upp og setur hann aftur á sinn stað, upp á hillu.

420 **INT. HERBERGI ADAMS - EVENING**

Adam liggur í rúminu sínu með hausinn staðsettan á maga Eydísar, hendur hennar liggja með síðum meðfram rúmstokknum.

ADAM
(lágróma)
Það er furðulega huggandi að liggja á maganum á þér.

Eydís horfir niður.

EYDÍS
Gott að vita.

ADAM
Hvernig líður þér?

EYDÍS
Betur núna, þökk sé þér.

ADAM
Já ég meina þú bókstaflega stalst af mér líkamanum, þannig ekkert að þakka.

Eydís brosir, horfir niður á hann.

ADAM (CONT'D)

Þú veist að þú getur ekki vorkennt sjálfum þér endalaust, þú ert ekki eini sem er að ganga í gegnum eitthvað.

(beat)

Það þýðir samt ekkert að gefast upp.

Þögnin ríkir í smá, þar til að Adam snýr sér í átt að henni, flissar. Í miðjum klíðunum þá hringir SÍMINN á náttborðinu. Adam færir sig á meðan hún teygir sig í hann.

ADAM (O.S.) (CONT'D)

Hver er að hringja í mig?

Segir hann með kómískri rödd.

Hún dregur upp símann og við sjáum mynd af SIGGA STJÖRNU, stjörnufræðingnum. Hann situr uppi við BARINN á DUBLINER með sixpensara á hausnum og fokkar í áttina að okkur

EYDÍS

Siggi?

Augabrúnir Adams tvístrast.

ADAM

Uhm... hvaða mynd er þetta?

Eydís horfir yfir.

EYDÍS

... við erum kíkja í bjór einu sinni eða tvisvar.

(beat)

Fínasti gæji.

ADAM

Svaraðu!

Hún gerir það, setur símann upp að eyranu.

EYDÍS

...halló?

Adam starir, bíður eftirvæntingarfullur. Eydís starir áfram með símann og ruggar hausnum sínum, játandi.

ADAM (O.S.)
 Hvað er hann að segja?
 (beat)
 Adam?!

Eydís starir áfram, leggur símann niður með síðum og snýr sér að Adam á meðan hún dregur inn andann.

Þau horfa hvort á annað með örvæntingu.

HARD CUT TO:

421 **INT. BAUHAUS - EVENING**

KERRURÖÐIN slitnar þegar sú aftasta er dreginn út með hraði.

EYDÍS (V.O.)
 Talstöðvar fyrir samskipti...
 armbönd fyrir jarðtengingu... gott
 ljós ef það er myrkur... reipi...

CUT TO:

ADAM
 Reipi? Afhverju þarftu reipi?!

EYDÍS
 Það er bara eitthvað kúl að hafa
 reipi.

Adam og Eydís labba rösklega niður yfirþyrmandi ganga BAUHAUS með appelsínugula KERRU fyrir framan sig. Eydís heldur fyrir framan sig litlum miða.

EYDÍS (CONT'D)
 Þetta er að gerast. Þetta er að
 gerast. Sjitt. Úkei. Ókei...
 (beat)
 Ég get ekki beðið eftir að fara í
 sturtu...

ADAM
 Hættu! Að segja þetta... við vitum
 ekki neitt ennþá... ókei?

EYDÍS
 Hann sagði við mig hreint og skýrt-
 -

ADAM
 -- ég veit hvað hann sagði... við
 bara vitum ekki ennþá hvort við
 getum treyst honum.

Beat.

EYDÍS
Ég treysti honum.

Adam andvarpar.

ADAM
Já það er orðið nokkuð greinilegt.

EYDÍS
Við fáum eitt tækifæri til þess að breyta þessu til baka, og hvað? Þú vilt ekki taka það?

ADAM
Ég er ekki að segja það--

EYDÍS
-- hvað þá?

ADAM
Ég er bara að-- förum bara varlega í þetta, það er eina sem ég bið um. Það gerir engum neitt að vera vekja einhverjar vonir--

EYDÍS
(annars hugar)
...talstöðvar.

Hún hægir á sér með MIÐANN fyrir framan sig og lætur sig hverfa inn á ganginn við hlið þeirra. Adam stoppar og horfir á eftir henni.

ADAM
Adam!

Segir hann með frústrerandi tón á meðan hann hægir á sér og staðnæmist með kerruna.

Andvarpar.

422 **INT. GANGUR 1, BAUHAUS - EVENING**

Við færumst meðfram HILLUNUM sem ná upp í loft og þeim hlutum sem í þeim standa. Eydís gengur rösklega niður gólfíð, við sjáum haus hennar standa út inn á milli er hún kemur auga á eitthvað í enda gangsins.

EYDÍS
Ohh næs.

Í sama augnabliki og hún grípur í MOICO RANGE WALKIE TALKIES sem eru enn í plastinu.

423 **INT. GANGUR 2, BAUHAUS - EVENING**

Gangarnir eru það sem virðast tómir, af fólki allavega. Adam birtist handan hornsins þar sem hann gengur með kerruna. Hann stoppar, horfir í kringum sig.

Virðist vera sem svo að hann hafi fundið KÍKIR sem hann hefur sett ofan í. Hann heldur áfram ferð sína niður ganginn þar sem við eltum hann í smá... þar til...

Hann hægir á sér, staðnæmist.

CUT TO:

Við horfum niður ganginn þar sem hann stendur grafkyrr, styrrður og starir áfram. Eitthvað virðist ama að.

CUT TO:

Adam starir í áttina að okkur, niður ganginn þar sem eitthvað hefur fangað athyglina hans. Hann færir kerruna frá gangvegi sínum og tekur eitt skref í einu í átt af því sem virðist heilla hann, eða hræða.

Andlit hans geislar FJÓLUBLÁTT eitthvað stendur fyrir framan hann sem hann skilur ekki, gefur frá sér firrandi hljóð.

FLASH CUT TO:

424 **INT. STOFA, ÍBÚÐ ADAMS - (FLASHBACK)(SLOW MOTION)**

Gyða situr í sófanum agndofa og starir áfram með tárin í augunum eftir missi. Sígarettureykurinn umlykur andlitið en augun hennar eru vön.

HARD CUT TO:

425 **INT. HERBERGI ADAMS - (FLASHBACK)(SLOW MOTION)**

Adam situr ber að ofan á rúmstokknum, hallandi með hendurnar á hnjánnum og grætur. Sólin gægist inn um gardínurnar og lýsir upp sorgmætt andlit hans.

EYDÍS (V.O.)

Eydís...?

HARD CUT TO:

426 **INT. BÍLL, Á FERÐ - (FLASHBACK)(SLOW MOTION)**

Adam þambar flösku aftur í bílnum á leiðinni niður í bæ og drekkir sorginni, hana er hvergi að sjá lengur.

HARD CUT TO:

427 **INT. DANSGÓLF - (FLASHBACK)(SLOW MOTION)**

Hann dansar sveitt í takt við fólkið á dansgólfinu, gefst upp og starir í áttina að okkur.

HARD CUT TO:

428 **EXT. GELDINGANES, GRAFARVOGUR - (FLASHBACK)(SLOW MOTION)**

Adam stendur í fjörunni og starir enn að okkur í losti, tilfinningafirtur.

EYDÍS (V.O.)

Eydís!

CUT TO:

Allar senurnar mallast saman í eitt, sem ein minning, þar til...

BACK TO:

429 **INT. GANGUR 2, BAUHAUS - EVENING**

Eydís starir á okkur áhyggjufull, hún heldur við hausinn á Adam sem rankar við sér á gólfinu. Hann rétt svo nær að púsla saman skilningarvitunum þegar að hann brestur í grát á öxl hennar.

Hún hallar sér inn, heldur í hann á meðan þau sitja saman þétt uppi við hvort annað.

EYDÍS

Þetta verður allt í lagi...

(beat)

Það verður allt í lagi.

Við færumst aftur niður ganginn á meðan þau hugga hvort annað með nærveru sinni.

MATCH CUT TO:

430 **EXT. VEGUR - NIGHT**

Vegurinn hreyfist áfram og gul ljósin frá ljósastaurunum endurspeglast á malbikinu er við færumst með því og áttum okkur á að við erum á ferð.

CUT TO:

431 **EXT. GATNAMÓT - NIGHT**

Adam situr bakvið stýrið og starir áfram í hugsni. RAUÐA LJÓSIÐ lýsir hann upp allan í sama augnabliki og hann starir yfir á bílinn við hliðina á og sér Eydísi sem horfir til baka, einnig umlukin ljósinu.

Hann horfir aftur fram á við er við nálgumst hann.

GRÆNT.

CUT TO BLACK.

END CREDITS

G E S T I R
EP05 - "CARPE NOCTEM"

eftir
Ásgeir Sigurðsson

LJÓS Films ehf ©
asgeir@ljosfilms.is

FADE IN:

501 **EXT. MOSFELLSDALUR - NIGHT**

501

Við heyrum í kosmískri og framandi tónlist sem setur tóninn.

CUT TO:

Vegurinn er upplýstur af stálþöktum LJÓSASTAURUNUM sem standa fyrir ofan hann og er rakur eftir rigninguna. Hann leiðir út í svart tómið.

CUT TO:

Grasið og blómgaðir túnfíflarnir standa hlið við hlið í dalnum og feykjast í sömu átt og vindurinn.

CUT TO:

Kirkjan stendur á toppi hólsins og horfir yfir dalinn.

CUT TO:

BÍLL Adams keyrir niður veginn.

502 **INT. ÓÞEKKT HEIMILI**

502

Við færumst fram og með KOMMÓÐU sem stendur í miðju gangsins á heimilinu, framhjá KERTI og REYKELSUM, LYKLASKÁL og MYNDARAMMA af ungri stelpu sem er okkur ókunnug.

BACK TO:

503 **EXT. MOSFELLSDALUR - NIGHT**

503

Bílljósinn færast upp að læknum sem rennur meðfram mosanum og hverfur svo í myrkrið þegar að bíllinn hefur keyrt framhjá.

CUT TO:

Yfirgefin hús við veginn, brotnir gluggar og feykjandi plast.

CUT TO:

BÍLL Eydísar leggur í staði nálægt húsinu, við sjáum dekkinn rúlla á malbikinu þegar að hann staðnæmist.

504 **INT. YFIRGEFIN LEIKHÚSSALUR** 504

KONFETTÍ LEIFAR liggja yfir salnum þar sem sýning hefur nýlega geisað yfir. Kastljósin í kring skína á vínrauð SÆTIN sem hafa tekið að fyrna.

CUT TO BLACK.

INTRO SEQUENCE.

505 **INT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT** 505

TALSTÖÐIN liggur í glasahaldaranum á meðan við heyrum í léttum andardrætti Adams, hann virðist einbeittur.

EYDÍS (V.O.)

*Testing... testing... one... two...
three... christmas tree, you are
me.*

(bíður eftir hlátri)

Yfir og út.

Hönd Adams teygir sig í talstöðina og tekur hana upp. Hann heldur VASAKÍKI fyrir framan augun sín er hann tekur hann niður og svarar í hana.

ADAM

(í talstöð)

Þú veist að yfir og út þýðir samtali lokið.

EYDÍS (V.O.)

Nú?

ADAM

Þú átt bara að segja yfir, eða over.

EYDÍS (V.O.)

Copy that.

Adam brosir, horfir svo niður á KAFFIMÁLID sitt og fær sér sopa.

ADAM

(í talstöð)

Kaffið mitt er orðið vel kalt

506 **INT. BÍLL EYDÍÐSAR, MOSFELLSDALUR - NIGHT** 506

Hún situr við stýrið á meðan hún klárar að þamba ORKUDRYKK.

ADAM (V.O.)
Ert þú með eitthvað að drekka?

Eydís horfir í kringum sig og tekur upp talstöðina.

EYDÍS
(í talstöð)
Mmm... nei.

Beat.

ADAM (V.O.)
Treystirðu honum?

EYDÍS
(í talstöð)
Hverjum?

BACK TO:

507 **INT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT**

507

Adam situr kyrr.

ADAM
(í talstöð)
Stjörnufraðingnum.

Beat.

EYDÍS (V.O.)
Sigga? Höfum við eitthvað annað val?

ADAM
(í talstöð)
Nei, svosem ekki.

EYDÍS (V.O.)
Þýðir ekkert að gefast upp.

Beat.

ADAM
(í talstöð)
Nei.

Segir hann með einlægni og lítur aftur í gegnum framrúðuna með VASAKÍKINUM.

508

EXT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT

508

Við horfum á hann í gegnum framrúðuna þar sem hann horfir upp til himins. Það er heiðskýrt, eitthvað er um stjörnur en enginn VÍGAHNÖTTUR í sjónmáli.

EYDÍS (V.O.)
Sérðu eitthvað?

ADAM
(í talstöð)
Aðeins hið djúpa og mikla myrkur sem við köllum von.

EYDÍS (V.O.)
Ha. Ha.

ADAM
(í talstöð)
Heldurðu að þetta muni virka?

Beat.

EYDÍS (V.O.)
Þetta verður að virka.

Adam horfir niður þunghugsi.

ADAM
(í talstöð)
Veistu það... að ef þetta virkar.
(flissandi)
Að þá er það fyrsta sem ég ætla að gera að komast eins langt í burtu frá þér og ég get.

EYDÍS (V.O.)
Ég sem ætlaði bara í sturtu, en sömuleiðis býst ég við.

509

INT. BÍLL EYDÍ SAR, MOSFELLSDALUR - NIGHT

509

Segir hún og setur upp VASAKÍKINN að augunum, horfir upp í geiminn.

ADAM (V.O.)
Sitjandi hérna, horfandi upp. Þá byrja ég að velta fyrir mér... hvort við séum almennt orðin of upptekin við að horfa fram á við.
(beat)
Að við gleymum að líta upp til himins, af og til.
(MORE)

ADAM (V.O.) (CONT'D)
*Minna okkur á hvar við stöndum í
 heiminum, hversu lítil við erum.*

Eydís tekur niður KÍKIN og hlustar.

ADAM (V.O.) (CONT'D)
Ef ekkert skiptir máli.
 (beat)
Skiptir þá ekki allt máli?

Hún meltar orðin í smá með ruglingslegum svip en tekur upp talstöðina.

EYDÍS
 (í talstöð)
*Heyrðu, nú held ég að við séum búin
 að vera hérna of lengi.*

ADAM (V.O.)
Hvað? Hræddur við að kafa í djúpið?

Eydís flissar.

EYDÍS
 (í talstöð)
Nei.

ADAM (V.O.)
*Nú þegar ég er búinn að vera hluti
 af þér í smá tíma fatta ég að ég
 hef varla haft tíma til að kynnast
 þér.*
 (beat)
Veit ekki einn einasta hlut um þig.

EYDÍS
 (í talstöð)
*Það er ekki mikið að vita get ég
 sagt þér.*

ADAM (V.O.)
Einn hlut.
 (beat)
Eitthvað sem enginn veit.

Eydís tekur niður talstöðina, hugsar sig um.

ADAM (V.O.) (CONT'D)
Ég bíð.

EYDÍS
*Stundum þá ímynda ég mér hvernig
 hlutirnir muni fara, alla leið í
 gegn.*

(MORE)

EYDÍS (CONT'D)

Ég ímynda mér rifrildin sem ég mun þurfa að eiga, aðallega við mömmu mína. Svo ég geti unnið þau.

(flissandi, brosir)

Áður en ég hitti þig misja, þá var ég búinn að hugsa allt lífið okkar í gegn, hvernig allt myndi fara. Þannig að þegar að ég hitti þig, þá fannst mér ég þekkja þig núþegar.

Beat.

510 **INT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT** 510

Adam situr í hugsi.

ADAM

(í talstöð)

Og hvernig fór?

EYDÍS (V.O.)

Hvernig fór hvað?

ADAM

(í talstöð)

Lífið okkar.

Segir hann og bíður eftir ósviknu svari.

511 **INT. ÓÞEKKT HEIMILI - DAY** 511

Gyllt SKRÁARGATIÐ blasir við okkur, við heyrum í lyklinum stingast í hinum megin við og snúast. Hurðin opnast og inn ganga Adam og Eydís vel til klædd, aðeins eldri, aðeins fagaðari og horfa inn í nýju ÍBÚÐINA SÍNA.

EYDÍS (V.O.)

Við kaupum okkur fyrstu íbúðina saman.

Þau stoppa á miðjum ganginum. Horfa á hvort annað og brosa.

EYDÍS (V.O.) (CONT'D)

Óverðtryggt lán.

512 **INT. SVEFNHERBERGI, ÓÞEKKT HEIMILI (SLOW MOTION)** 512

Hendurnar þeirra grípa hvort annað og festa sig saman niður með síðum í rúminu.

EYDÍS (V.O.)

Reynum að eignast barn, þó við
eigum sennilega ekki fyrir því.

(beat)

En það tekst. Fyrr eða síðar.

513 **INT. BARNAHERBERGI, ÓÞEKKT HEIMILI (SLOW MOTION)** 513

Adam situr í MÁLNINGARFÖTUNUM inni í herberginu og horfir í kringum sig. BLEIKIR VEGGIRNIR og BARNAVAGGA úti í horninu.

EYDÍS (V.O.)

Ég erfiðast við að mála herbergið
hennar, byggja vöggu og setja upp
barnalæsingar.

514 **INT. BAÐHERBERGI, ÓÞEKKT HEIMILI (SLOW MOTION)** 514

Eydís liggur á hnjánnum uppi við klósettið á baðherberginu og kúgast, sveitt, með tár í augunum.

EYDÍS (V.O.)

Á meðan þú tekst á við ógleði á
klósettinu, neitandi allri hjálp.

(beat)

Jafnvel þótt að ég vildi það.

515 **INT. ELDHÚS, ÓÞEKKT HEIMILI - (SLOW MOTION)** 515

Eydís og Adam standa á móti hvoru öðru í eldhúsinu og hnakkrífast fyrir framan dóttur sína. Öskra hvort á annað, kenna hvoru öðru um hver veit hvað.

EYDÍS (V.O.)

Við rífumst, af og til. Stundum
meikar það sens, stundum er það til
að fá útrás.

516 **INT. LEIKHÚS, BEJARBÍÓ - (SLOW MOTION)** 516

Dóttir þeirra, nú á grunnskólaaldri stendur uppi á sviði sem ÁLFADÍS og klárar að dansa sinn lokadans. KONFETTÍ sprengja umlykur hana er hún lýkur honum og horfir út í sal, brosir til foreldra sinna.

EYDÍS (V.O.)

En sama hvað okkur finnst, þá gerum
við allt fyrir hana. Því ekkert
annað skiptir máli.

Adam og Eydís í sínum fínustu klæðum standa upp og klappa fyrir henni í sama augnabliki og KASTLJÓŠ birtist á þeim, enginn annar er í salnum nema þau.

Dóttir þeirra brosir enn breiðar.

EYDÍS (V.O.) (CONT'D)
Og á endanum, þá eldumst við eins og allir aðrir.

517 **INT. ANNAÐ ÓÞEKKT HEIMILI**

517

Eydís, nú orðin eldri borgari situr í stól uppi við hornglugga og starir áfram, niðurlút á svipin.

EYDÍS (V.O.)
Þú fengir nóg af mér, ég fengi nóg af þér. En þegar deginum tekur að líða, þá sitjum við saman við horngluggann, í sætti við það.

Adam, einnig eldri borgari situr við hlið hennar uppi við horngluggan og starir í áttina að henni, hún horfir til baka.

EYDÍS (V.O.) (CONT'D)
Að það er orðið of seint að fara einhvert annað, að það sé engin staður nema þessi.

Þau takast í hendur, og grípa fast.

518 **EXT. KIRKJUGARÐUR**

518

Við færumst frá LEGSTEINI sem umlyktur er KERTUM og RÓSUM.

EYDÍS (V.O.)
Og þar með... lýkur sögunni okkar.
(beat)
Ef að henni yrði.

CUT TO:

519 **INT/EXT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT**

519

Við sjáum augu Adams nærgætt, þau tvístrast til og færast á milli staða á meðan hann meðtekur orð hennar.

EYDÍS (V.O.)
Yfir og út.

Hann leggur frá sér TALSTÖÐINA í sætið við hliðina á. Dregur inn andann á meðan hann púslar saman hugsununum þegar að TALSTÖÐIN gefur frá sér skrölthljóð. Adam horfir niður á sætið.

EYDÍS (V.O.) (CONT'D)

Eydís?

Hljóðið er brenglað, eins og það nái ekki í gegn. Skrölthljóðið verður herra, meira og óskiljanlegt. Alveg þar til að byrjar að hljóma yfirnáttúrulegt.

Adam er brugðið en tekur up TALSTÖÐINA og starir niður á hana. Hann bankar nokkrum sinnum á hana í sama augnabliki og ljósið fyrir ofan hann byrjar að blikka, hann starir á það og andardrátturinn þyngist.

Lág druna umlykur eyru hans er hann horfir út um framrúðuna þar sem eitthvað vekur athygli hans.

EYDÍS (V.O.) (CONT'D)

Ey%\$d%

Hljóðið verður ennþá brenglaðra er hann stígur út úr bílnum og horfir upp í himininn, haldandi í hurðina stýrismeginn.

CUT TO:

GRÆNN BLOSSI, með APPELSÍNUGULAN NEISTA í eftirför flýgur í gegnum himininn á ógnarhraða.

BACK TO:

Blossinn endurspeglast á linsum VASAKÍKISINS sem Adam heldur uppi og horfir upp í himininn. Hann tekur hann niður og starir.

ADAM

Hó.lí.sjitt.

Færir TALSTÖÐINA að sér.

ADAM (CONT'D)

(í talstöð)

Hann hafði rétt fyrir sér,
andskotinn hafi það.

(beat)

Adam?

Aftur þetta brenglaða hljóð, eitthvað sem enginn menskur gæti lesið úr.

ADAM (CONT'D)
 (í talstöð)
 Adam við þurfum hittast núna...
 áður en hann springur.
 (beat)
 Adam!

Ekkert.

ADAM (CONT'D)
 Sjitt!

Segir hann og sest aftur inn í bíl í flýti.

520

INT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT

520

Hann þrýstir á STARTROFANN á bílnum en ekkert gerist, hann horfir yfir á MÆLABORÐIÐ þar sem allt er slökkt. Hann þrýstir aftur á takann.

Ekkert.

Hann ýtir aftur, og aftur og aftur þar til hann er byrjaður að SLÁ á hann.

ADAM
 Neineineineineineinei...
 (beat)
 Ekki núna... ekki núna...

Ljósið fyrir ofan hann slokknar í öllum klíðunum á meðan hann horfir upp, reynir að kveikja aftur á því en það gengur ekki. Hann staðnæmist í smá þar til hann LEMUR á stýrið nokkrum sinnum og gefur frá sér frústrerandi hljóð.

ADAM (CONT'D)
 Heimski BMW.

521

EXT. BÍLL ADAMS, MOSFELLSDALUR - NIGHT

521

Hurðin á bílnum SKELLIST og við horfum upp á Adam sem labbar áfram rösklega meðfram trjánum.

ADAM
 Ókei...ókeiÓkeiÓkeiÓkei.

Segir hann með örvæntingu á meðan hann slær nokkrum sinnum í TALSTÖÐINA.

ADAM (CONT'D)
 Drasl.

Og hendir henni út í móa.

Hann þreifur höndinni yfir ennið og þurrkar svitann sem safnast hefur upp á síðustu mínútum.

ADAM (CONT'D)
Ég fer að koma... alveg að koma.

Um leið og hann eykur hraðann, byrjar að skokka niður að vegi á meðan að andardrátturinn þyngist.

ADAM (CONT'D)
Díses drengur farðu í ræktina.

Hraðinn eykur ennþá meira við sig þar til að Adam HRASAR og dettur í jörðina.

Hverfur úr ramma.

ADAM (CONT'D)
Ái!

522 **INT. BÍLL EYDÍSAR, MOSFELLSDALUR - NIGHT**

522

Eydís snýr BÍLLYKLINUM í ræsingunni á meðan að TALSTÖÐIN gefur frá sér kostuleg hljóð í bakgrunni. Hún gefst upp og hlammar sér aftur á HAUSPÚÐANN, gefur frá sér þirringshljóð.

Hún lyftir upp VASAKÍKINUM og horfir upp í himininn í smá, tekur hann svo niður í uppnámi, kvíðafull.

EYDÍS
Hvar ertu...?

Og í sama augnabliki er hún ekki lengi að hugsa sig um, hönd hennar færir sig að HÚNINUM og opnar hurðina í flýti.

Fer út.

523 **EXT. VEGUR, MOSFELLSDALUR - NIGHT**

523

Við liggjum niðri við jörðu og sjáum GULU STIKUNA við enda veggins ásamt grjótið sem hana umlykur. Létt skref að handan verða þyngri þegar að þau nálgast, þar til að við sjáum FÆTUR Adams lenda á malbikinu og þjóta framhjá.

HARD CUT TO:

Adam hleypur haltrandi eins og fætur toga niður Mosfellsveginn í leitinni að Eydísi. Vöðvarnir í andliti hans sveiflast í takt við hendurnar sem erfiðast við að koma honum sem hraðast.

Andardráttur hans er tíður og vindurinn grætir augun þó að við sjáum það þó í þeim að hann hefur tekið ákvörðun.

Og henni verður ekki breytt.

524 **EXT. SKÓGUR, MOSFELLSDALUR - NIGHT**

524

Við færumst meðfram skóginum með Eydísi í flýti á meðan hún slær á TALSTÖÐINA rétt eins og hann áður.

EYDÍS

Koma svo... koma svo!

Hún ýtir á TAKKANN á TALSTÖÐINNI og reynir að ná til hennar.

EYDÍS (CONT'D)

(við talstöðina)

Eydís?!

SKR%\$\$\$# Hátíðni hljóð kemur henni að óvörum þannig að hún missir TALSTÖÐINA í grasið.

EYDÍS (CONT'D)

Ah! Andskotinn.

Hún horfir áfram og gengur rösklega, setur hendur í sveig uppi að munni.

EYDÍS (CONT'D)

EYDÍS?!

525 **EXT. VEGUR, MOSFELLSDALUR - NIGHT**

525

Allt er hljótt.

Vegurinn er auður og einmana fyrir utan vindkviðurnar sem blása framhjá með litlu millibili.

Skammt frá heyrum við hljóðin í skokkandi manni sem nálgast okkur. Adam hleypur inn í ramma úrvinda og er fljótur að hægja á sér. Hann staðnæmist á miðjum veginum og beygir sig niður með hendur á hné, andandi títt og hátt.

ADAM

(við sjálfan sig)

...aldrei aftur.

(beat)

...aldrei.

Segir hann er við fylgjumst með haus hans síga í áttina að jörðinni, þar til allt í einu handan dalsins.

EYDÍS (O.S.)

Eydís?!

Hann horfir upp og í áttina að skóginum, ómar af væntingu. Við horfum í áttina að skóginum og sjáum BIRKITRÉN sem standa fyrir byggðinni.

EYDÍS (O.S.) (CONT'D)

Eydís?!

Aftur.

Hann starir áfram, öll örvænting sem var til staðar virðist skolast burt.

526

EXT. GRÓÐURHÚS, MOSFELLSDALUR - NIGHT

526

Við heyrum í hverjum andardrætti Eydísar sem gengur rösklega áfram, annars hugar. Hún röltir framhjá síðasta trénu sem leiðir að fallegri gulri birtu sem ómar yfir svæðið.

Hún starir niður á SÍMANN sinn og potar á hann nokkrum sinnum, ekkert nema SVARTUR SKJÁR.

...hægir á sér, uppgefin, dregur inn andann--

-- um leið heyrir hún DRUNUR úr loftinu og horfir upp, svo aftur niður... þar sem að við enda GRÓÐURHÚSSINS stendur Adam, uppgefinn sömuleiðis og horfir niður frá himninum, í átt að henni.

Hún horfir til baka, brosir.

Hann líka.

Þau stoppa ekki lengi heldur taka skrefið áfram og byrja leið sína í átt að hvoru öðru. Við sjáum skref þeirra í grasinu, og þau sjálf sem nálgast líkaman sinn eftir langa fjarveru. Hraðar og hraðar, þar sem ekkert lýsir veginn nema ljósaperurnar úr GRÓÐURHÚSINU þar til að þau klessa á hvort annað, knúsast, halda fast í sig sjálf.

Adam slítur sig frá, starir á hana með brostið andlit.

ADAM

Fann þig.

Segir hann og brosir.

EYDÍS

Sömuleiðis.

Hún brosir til baka og þau flissa vandræðalega, þó það eigi við þessa heilnæmu stund.

ADAM
Og hvað... hvað núna?

EYDÍS
(brosandi)
Veit það ekki.

Beat.

ADAM
Við hefðum kannski átt að þæla aðeins meira í þessu.

Segir hann og hlær.

EYDÍS
Kannski.

ADAM
Bara alveg eins og síðast? Engar reglur, engin pressa. Bara við, hér og nú.

EYDÍS
Þetta er búið að vera heljarinnar ferð.

ADAM
Já, það sem gerist næst mun segja til um hvernig restin af lífinu okkar verður.

Beat.

EYDÍS
Frekar flippað.

Adam gefur upp léttan ógeðssvip en hann hverfur fljótt.

ADAM
Má bjóða þér að telja niður... flippkisi.

Hún hristir hausinn.

EYDÍS
Ó guð... nei, alls ekki.

Adam hlær.

ADAM
Ókei, ertu tilbúin?

Hún horfir áfram.

ADAM (CONT'D)
3.
 (beat)
2.
 (beat)
1.
 (beat)

Hann lokar augunum en í sama augnabliki...

EYDÍS
Bíddu!

Hann hættir við.

EYDÍS (CONT'D)
Ég verð að fá að segja eitt.

ADAM
Adam ekki núna--

EYDÍS
--Jú... núna...

Adam sýnir skilning.

ADAM
Hvað?

Beat.

EYDÍS
Ég vill bara að þú vitir að... að ef þetta virkar ekki, ef að allt sem við höfum gert hefur verið til einskis...
 (beat)
Að þá væri það samt heiður að vera þú restina af lífinu mínu.

Hún starir á hann, hann starir til baka.

Samræmt bros þeirra beggja til hvers annars áður en að þau halla sér að hvoru öðru, síðasta kossinn.

SLOW MOTION:

Þau standa bæði tvö sem silúettur fyrir framan GRÓÐURHÚSIÐ sem lýsir þau upp að aftan á meðan þau færast nær hvoru öðru og varir þeirra snertast.

Grænn BLOSSINN kemur að óvörum frá himninum og lýsir þau upp á meðan þau halda fast í hvort annað og reyna að umturna örlögunum.

FADE TO WHITE.